

GUÐMUNDUR VIGNIR KARLSSON

### Á sér tvö uppáhalds- tónlistarforrit

Græjur

allt í MIDJU BLADSINS



FASTEIGNIR

### Björt og falleg þak- íbuð í Grafarvogi

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**KALDIR DAGAR**  
DAGANA 13.-22. SEPT.

**15-20% AFSLÁTTUR AF KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM**

**ORMSSON**  
EILEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENNI UM LAND ALLT

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. september 2007 — 252. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Ráðalaus Britney

Fallna popp-prinsessan hyggst borga fyrir börnin sín.

FÓLK 20



### Að vinna ekki var betra

Dísella Lárusdóttir er komin á samning hjá Metropolitan-óperunni.

FÓLK 30



### Randver

„Randver er fulltrúi hins normala skrifstofumanns sem situr í gamla sjónvarpsstólum sínum eftir erfiða viku og horfir á Spaugstofuna,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14


### KR vann en FH tapaði

Mikil spenna er á toppi og botni Landsbankadeildar karla en fjórir leikar fóru fram í gær.

ÍPRÓTTIR 24 & 26



## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNINGIN NÁLGAST** - Í dag verður vaxandi sunnanátt, 8-13 m/s vestan til um og eftir hádegi, annars hægari lengst af. Töluverð rigning eftir hádegi á vesturluta landsins. Bjart fram eftir degi austan til en dálítill væta í kvöld. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4

### Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmíðlakönnun Capacent í júlí 2007

# Æskilegt að skilja að samkeppnisrekstur og einokun

Iðnaðarráðherra áformar róttækar breytingar á orkumarkaði. Hann telur æskilegt að skilja á milli samkeppnisreksturs og einokunarstarfsemi orkufyrirtækja. Greiða eigi fyrir aðgang að náttúruauðlindum.

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra undirbýr nú róttækar breytingar á skipan orkumála í landinu.

Hann telur æskilegt að aðskilja með öllu þann hluta orkumarkaðarins þar sem einokun ríkir í krafti sérleyfa frá því sem í dag telst til samkeppnisreksturs. Þannig yrði dreifing heits og kalds vatns, rafmagns og fráveitna skilin frá orkuframleiðslu og sölu.

„Þjóðin hefur orðið vitni að því

að ásóknin í íslenskar orkulindir fer vaxandi um þessar mundir af hálfu alþjóðlegra fjármálafyrirtækja og það er bara tímaspursmál hvenær stórir kaupendur að raforku vilja eignast beinan aðgang að orkulindunum,“ segir Össur.

Hann telur að eins og málum er nú hátt að eigi alþjóðleg fyrirtæki, hvort sem þau hafa íslenska eða erlenda heimilisfesti, greiða leið að einokunarþætti orkumarkaðarins og við því þurfi að bregðast.

„Út frá þessari stöðu og vegna þeirrar miklu gerjunar sem er á markaðnum held ég að nú sé svo komið að við þurfum að skerpa reglurnar og taka ákvarðanir sem miða í senn að því að verja almannahagsmunina en greiða líka fyrir orkuútrás og almennri samkeppni á markaðnum.“

Össur vill jafnframt tryggja félagslega meirihlutaeign á þeim þáttum markaðarins sem annast almannajónustu á sviði orkumála. „Það myndi tryggja að

hagsmunir neytenda yrðu algjörlega tryggðir í þeim geirum þar sem ekki ríkir samkeppni, bæði hvað varðar verð og þjónustu sem yrði þá veitt með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Um þetta held ég að ekki ríki lengur ágreiningur,“ segir Össur, sem um leið vill auka frelsi og samkeppni í orkuframleiðslu og ennfremur tryggja að orkuréttindi sem eru í samfélagslegri forsjá verði það áfram.

- bps / sjá síðu 6



**AÐ LOKINNI FRUMSÝNINGU** Leikurum og öðrum aðstandendum Óvita var ákafat fagnað eftir sýningu en fagnaðarlæti leikhúsgesta náðu hámarki þegar Guðrún Helgadóttir steig á sviðið og tók við verðlauninum. MYND/PÓRHALLUR JÓNSSON

Velferðarsjóður barna stofnar Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur:

## Er ósköp þakklát og hræð

**MENNING** „Þetta kom mér gjörsamlega á óvart. Ég er ósköp þakklát og hræð að vera talin þess virði að verðlaunin heiti í höfuðið á mér,“ segir Guðrún Helgadóttir rithöfundur.

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur voru stofnuð í fyrradag af Velferðarsjóði barna. Að lokinni frumsýningu á Óvitum hjá Leikfélagi Akureyrar steig Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, á svið og tilkynnti um stofnun verðlaunanna.

Kári segir Velferðarsjóð barna hafa verið hugsaðan til að styrkja málefni sem lúta að börnum sem minna mega sín. „Þegar maður veltir fyrir sér hvað

bókmenntir gera fyrir okkur þá hjálpa þær okkur að setja lífsreynslu okkar í samhengi og þær hjálpa okkur að skilja okkur sjálf í tengslum við veruleikann og í tengslum við drauma. Þegar þú hjálpar börnum að setja sig í samhengi þá ertu að undirbúa þau undir að verða betri þegna í sínu samfélagi og það tel ég vera mjög gott.“

Fyrsta viðurkenningin úr sjóðnum fer til Guðrúnar sjálfar. Til stendur að veita viðurkenningu árlega til höfundar sem þykir hafa skarað fram úr í barnabókmenntum. Peningaverðlaunin hverju sinni eru ein milljón króna.

- lbb

## Sjólíði meig á Héraðsdóm: Kapteinn baðst afsökunar fyrir hönd sjóhersins

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók danskan sjólíða í fyrrinótt fyrir að kasta af sér vatni á hús Héraðsdóms Reykjavíkur. Óröugt reyndist að tjónka við hann vegna mikillar ölvunar og var hann því látinn sofa úr sér í fangaklefa. „Kapteinninn af skipinu kom svo og leysti hann út og bað í leiðinni íslensku þjóðina afsökunar fyrir hönd danska sjóhersins,“ segir varðstjóri.

Alls voru 24 handteknir fyrir brot á lögreglusamþykkt í fyrrinótt, flestir fyrir sama brot og sá danski. Helmingur þeirra gekkst við broti sínu en geri menn það ekki fer málið í flóknari farveg sem getur leitt af sér þyngri sektir. Talsverður erill var í miðborginni en varðstjóri segir þó að bæði lögreglumenn og dyraverðir sjái bragarmun á bænum eftir að lögregla fór að taka harðar á agabrotum.

- sh

**Ef allt er á floti í þínu koti...**

...sturtu- og baðhlífar í úrvali

Reykjavíkurvegur 64 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 565-5566 • www.sturta.is

**OTA SOL GRYN**

Borðaðu OTA hafragrautinn þinn á hverjum morgni



Elliði, er hvalafullt í Vestmannaeyjum?

„Vestmannaeyjar eru um þessar mundir heimsóttar af hverslags kvikindum – tvífættum sem og öðrum – og vel tekið á móti öllum.“

Tveir hvalir hafa haldið til í Vestmannaeyjahöfn og vakið athygli heimamanna. Elliði Vignisson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.



REDITJÓRN Sigurður K. Kristinsson, annar frá hægri, ábyrgðarmaður Djöflaeyjunnar sér ekki eftir birtingu fíkniefnagreinar.

Ritstjóri Djöflaeyjunnar:

## Sér ekki eftir fíkniefnagreini

**ÚTGÁFA** „Við höfum ekki heyrt af neinni úthýsingum ennþá, fyrir utan auðvitað ummælin frá rektori MS í blaðinu í gær.“ segir Sigurður Kjartan Kristinsson, ritstjóri og ábyrgðarmaður fríblaðsins Djöflaeyjunnar. Umfjöllun um fíkniefni í blaðinu hefur vakið talsverð viðbrögð og sagði rektor Menntaskólans við Sund meðal annars í Fréttablaðinu í gær að blaðinu yrði hent úr skólanum. „Ég er búinn að vera að skoða umræður á netinu.“ segir Sigurður. „Það virðist aðallega vera miðaldra fólk og upp úr sem er viðkvæmt fyrir þessu.“ Hann segist ekki sjá eftir að hafa birt greinina, sem nokkrir ritstjórnarmeðlimir skrifuðu í sameiningu. „Ég held að flestir geri sér grein fyrir því að við séum bara á þessari öld, með Hugleiki og allt það. Það eru allir orðnir svo svartir.“

Búið er að dreifa blaðinu í flesta framhaldsskóla. „Við sjáum til hvernig það fer svo,“ segir hann. -sh

## SKOTLAND

### Colin McRae deyr í þyrluslysi

Colin McRae, fyrrverandi heimsmeistari í rallakstri, fórst ásamt fimm ára gömlum syni sínum og tveimur öðrum er þyrla sem hann flaug hrapaði í skóglendi nálægt heimili hans í Skotlandi á laugardag.

Hægrimmenn fengu endurnýjað umboð til að halda um stjórntaumana í Grikklandi:

# Stjórn Karamanlis heldur velli

**GRIKKLAND, AP** Ríkisstjórn hægri-flokksins Nýtt lýðræði, undir forystu Costas Karamanlis, fór með sigur af hólmi í þingkosningum í Grikklandi í gær. Samkvæmt útgönguspám og fyrstu tölum fengu þó báðir stóru flokkarnir – Nýtt lýðræði og sósíalístflokkurinn PASOK – minna fylgi nú en í síðustu kosningum.

Þegar um 40 prósent atkvæða höfðu verið talin var Nýtt lýðræði með 43,8 prósent atkvæða en PASOK, undir forystu Georgs Papandreou, með 38,7 prósent. Kjör-sókn mældist um 70 prósent. Samkvæmt útgönguspá fyrir gríska



**HELDUR VELLI** Costas Karamanlis forsætisráðherra kemur úr kjörklefanum í Pessalóníku í gær.

ríkissjónvarpið NET fékk Nýtt lýðræði 42,2 prósent atkvæða en PASOK 38,5 prósent. Í síðustu

kosningum árið 2004 fékk Nýtt lýðræði 45,4 prósent atkvæða en PASOK 40,5 prósent.

Áður en endanleg úrslit lágu fyrir leit því út fyrir að Nýtt lýðræði fengi hreinan þingmeirihluta. „Svo virðist sem Nýtt lýðræði muni mynda ríkisstjórnarmeirihluta,“ sagði Dimitris Avramopoulos, fráfandi heilbrigðisráðherra. „Stærð meirihlutans mun ekki hafa áhrif á það hve skilvirk ríkisstjórn okkar verður. Jafnvel með 151 fulltrúa á þingi munum við keyra umbótaáform okkar í gegn.“ 300 fulltrúar eiga sæti á Grikklandspingi.

Ölðuð kona ók tvisvar út af: Komst ekki alla leið út á þjóðveg

**LÖGREGLUMÁL** Kona á sextugsaldri ók bíl sínum út af veginum í Miðfirði um hádegisbil í gær. Þegar lögreglumenn komu á vettvang kom í ljós að konan hafði skömmu áður ekið út af veginum á öðrum stað, en komið bílnum upp á hann að nýju. Þegar betur var að gáð reyndist konan talsvert öllu.

Bíllinn skemmdist töluvert en konan slapp heil á húfi. „Sem betur fer komst hún ekki alla leið út á þjóðveginn,“ sagði varðstjóri lögreglunnar á Blönduósi.

Konan var færð á lögreglustöð þar sem tekin var úr henni blóðprufa.

# Allt að 300 manns starfa í Kolaportinu

Framkvæmdastjóri Kolaportsins telur að allt að 300 manns hafi tekjur af starfsemi Kolaportsins um meðalhelgi. Gallup taldi þar allt að 12.000 gesti. Stærsta hagsmunamálið sé þó mannlíf, sem eigi að víkja fyrir 56 bílastæðum tollvarða.

**VERSLUN** „Í Kolaportinu starfa milli 200 og 300 manns um hverja helgi, þegar taldir eru þeir sem standa og selja og þeir sem sjá um þrif, lagfæringar, rekstur og fleira,“ segir Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins.

Um helgar breytist því Kolaportið í einn stærsta vinnustað borgarinnar. Gunnar segir að Gallup hafi eitt sinn verið fengið til að telja fjölda gesta og reyndust þeir vera milli 10.000 og 12.000 talsins.

„Mesta hagsmunamálið er þó mannlíf sjálf,“ segir Gunnar. Í Portinu þrífist gífurleg fjölbreytni og gróska. „Áður en Kolaportið var opnað var ekki sála í miðbænum um helgar.“

Áður en Kolaportið var opnað var ekki sála í miðbænum um helgar.

**GUNNAR HÁKONARSON**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI KOLAPORTSINS

Ég veit að erlendis þykir mikilsvert að hafa svona starfsemi í miðbæjum og borgaryfirvöld leggja áherslu á að styrkja hana,“ segir hann.

Borgarstjóra voru afhentar á mánudaginn undirskriftir um 3.700 gesta Kolaportsins, sem söfnuðust á rökum tólf tímum.

„Þetta er síðasta hálmstráíð, að mótmæla. Allt er þetta pólitískum vilja háð,“ segir Gunnar.

klemens@frettabladid.is



**MENNING Í KOLAPORTI** Í Kolaportinu kennir ýmissa grasa. Þar mátti til að mynda finna þessa fögru mynd hjá bóksalanum. Allt að 12.000 manns koma í Kolaportið um hverja helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEIÐUR

## BORGIN ÆTLAÐI AÐ ÚTVEGA NÝJA BRAUT

Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, segir að málið snúist um bílastæði á þaki hússins.

Þar séu um 130 bílastæði sem nýtist ekki eftir að brautin sem lá þangað var rífin. Í samningi við borgina frá þeim tíma hafi verið gert ráð fyrir að borgin myndi útvega nýja utanálggjandi braut upp á þakið.

„Síðan hefur skipulagið breyst og borgin getur ekki byggt þessa braut. Því þarf að komast í gegnum

húsið,“ segir hann. Þórhallur telur að væntanlegt bílastæðahús á mótistöðunum uppfylli ekki þörf embættisins. Það svari þörf annarra í kring.

Spurður um mögulega takmörkun á framkvæmdatíma, til að koma í veg fyrir að Kolaportið þurfi að vera lokað í marga mánuði, kveður Þórhallur það „eðlilegt og sjálfsagt“ að framkvæmdir fari fram með sem minnsti röskun fyrir Kolaportið.

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Á HÚS TOLLSINS

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson borgarstjóri er hlíðhollur starfsemi Kolaportsins og segir hana mikilvæga. Hann rifjar upp þegar hann kom að því að finna Kolaportinu aðstöðu á sínum tíma í núverandi húsnæði.

Frá fyrstu tíð hafi verið litið á þetta hús tollstjóra sem tímabundið úrræði.

Breytingar hafi lengi staðið til á húsinu og að lokum hafi komið krafa um að Kolaportið færi með öllu út.

„Og það var eitt af mínum fyrstu verkum sem borgarstjóri að beita mér fyrir því að Kolaportið fengi að vera þarna áfram með einum eða öðrum hætti,“ segir hann.

Niðurstaðan hafi verið þessi: Kolaportið verður áfram í húsinu en missir um fimmtung.

„Þetta fannst mér ágætt útspil hjá tollinum. Húseigendur [fjármálaráðuneytið] eiga auðvitað rétt á að ráðstafa sínu húsnæði.“

Vilhjálmur segist einnig hafa svipast um eftir öðru húsnæði undir Kolaportið en svo stórt húsnæði sé ekki auðvelt að finna. Málið sé hins vegar ekki beinlínis á könnu borgarinnar, því hún sé hvorki leigusali né eigandi hússins.

„Ég hef því komið undirskriftunum til skipulags- og byggingarsviðs og til eiganda hússins, fjármálaráðuneytisins,“ segir Vilhjálmur og vísar til 3.700 undirskrifa sem honum voru afhentar á mánudaginn.

„Ég skal ekki segja hvaða skref verða stigin, en þau verða ekki stigin nema í nánú samráði við eigendur hússins,“ segir hann.



VILHJÁLMMUR P. VILHJÁLMMSSON

Greiningardeild Kaupþings banka fjallar um fasteignamarkaðinn í nýrri spá:

# Sjá fyrir raunlækkun fasteigna

**VIÐSKIPTI** Gert er ráð fyrir níu prósentu hækkun fasteignaverðs á þessu ári, en kólnun á því næsta í nýrri spá greiningardeildar Kaupþings banka.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, segir að á næsta ári muni fasteignaverð lækka að raunvirði. „Þá spáum við hækkun að nafnvirði upp á 2,5 prósent um leið og gert er ráð fyrir fjögurra prósentu verðbólgu.“ Ástæðu fyrirséðrar kólnunar á fasteignamarkaði segir Ásgeir vera að vaxtahækkunir Seðlabankans fari nú að koma fram af fullum þunga í vöxtum fasteignalána.

Þá segir Ásgeir veltu á fasteignamarkaði á þessu ári sambærilega við það sem gerðist þegar mest lét árið 2004 eftir að bankarnir komu fyrst inn á fasteignamarkað. „Í sumar hefur rúmlega 220 til 230 samningum verið þinglýst á viku.“

Í spá greiningardeildarinnar sem birt er í dag er það sagt bera vitni um aukið framboð á markaðinum að fasteignaverð skuli ekki hafa hækkað meira en raun ber vitni, miðað við alla þá eftirspurn sem brotist hafi fram á fyrri hluta ársins. „Veltuaukningin 2004 olli mun meiri hækkunum,“ segir Ásgeir. „Hins vegar bendir allt til þess að framboðið muni vaxa



**ÍBÚÐ TIL SÖLU** Velta á fasteignamarkaði í ár verður sambærileg við það sem gerðist árin 2004 og 2005 segir greiningardeild Kaupþings.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hvað en eftirspurn þegar kemur fram á næsta ár.“ Hann segir langtímahorfur þó góðar enda allt útlið fyrir að Reykvikungum haldi áfram að fjölga hratt á næstu árum.

- óka

**-2kr.**



Sæktu um ÓB-lykilinn á [www.ob.is](http://www.ob.is)



[www.ob.is](http://www.ob.is)

# Ég ætlaði bara að fá mér fiölu

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%\***.

Enginn annar íslenskur peningamarkaðssjóður náði yfir 15% á sama tímabili\*.

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)



Hinninn og hat / SIA - 9071096

75 ára

 **spron**

VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

\*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is). Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	64,19 64,49
Sterlingspund	129,26 129,88
Eura	88,99 89,49
Dönsk króna	11,946 12,016
Norsk króna	11,369 11,435
Sænsk króna	9,591 9,647
Japanskt jen	0,5582 0,5614

SDR	98,96	99,54
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
120,2988		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Ættingjar þeirra sem létust í slysinu á Viðeyjarsundi leita enn réttar síns:

# Jónas kærður fyrir að selja Hörpu

**DÓMSMÁL** Aðstandendur þeirra sem fórust þegar skemmtibáturinn Harpa steytti á skeri á Skarfaskeri á Viðeyjarsundi í september 2005 hafa kært Jónas Garðarsson fyrir að hafa selt bátinn ólöglega úr landi, og þannig komið í veg fyrir að andvirði bátsins rynni til þeirra sem hluti af skaðabótum. Þeir segja bátinn nú í Bandaríkjunum.



**BÁTURINN HARPA** Jónas Garðarsson var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir manndráp af gáleysi. Hann hefur ekki hafið afplánun.

Jónas var dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa valdið slysinu og dæmdur til að greiða aðstandendum Matthildar Harðardóttur og Friðriks Hermannssonar, sem létust í slysinu, um tíu milljónir króna í skaðabætur.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu 6. september síðastliðinn að báturinn hefði ekki fundist þegar átti að

þjóða hann upp. Hann var úrskurðaður í löggæmslu 19. október 2006 og Jónasi tilkynnt um það samdægurs. Að því er fram kemur í kærinni sem Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður aðstandenda, leggur fram í þeirra nafni, sendi Jónas bátinn úr landi 17. nóvember 2006, tæpum mánuði eftir að honum var tilkynnt um kyrrsetningu hans.

Jónas hefur sjálfur sagst hafa selt bátinn í byrjun árs 2006. Í kærinni segir að þær upplýsingar sem kærendur hafa aflað sér standist engan veginn. Þeir gera kröfu um að Jónas verði dæmdur til refsingar fyrir skilaskvik.

# Missti stjórn á bíl í hálkú: Fór þrjár veltur en slapp vel

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður þykir hafa sloppið vel þegar bíll hans valt á Skeiðavegi við Merkurhraun rétt eftir miðnætti í fyrrinótt. Maðurinn missti stjórn á bílnum og valt bíllinn þrjár veltur út af veginum.

Maðurinn mun ekki hafa slasast alvarlega að sögn lögreglunnar á Selfossi, en var þó fluttur með sjúkrahúsi til aðhlýningar.

Talið er að maðurinn hafi ekið inn á hálkusvæði án þess að gera sér grein fyrir því með fýrrgreindum afleiðingum. Bíllinn er talinn ónýtur eftir slysið.

O.J. Simpson handtekinn:

# Sakaður um aðild að ráni

**BANDARÍKIN, AP** O.J. Simpson, sem hlaut frægð fyrst fyrir stjórnuferil sinn í ruðningsbolta í Bandaríkjunum og síðan fyrir að vera sýknaður af morði á eiginkonu sinni í einu umtalaðasta réttarhaldi síðustu áratuga, var í gær handtekinn, grunaður um aðild að vopnuðu ráni.



O.J. SIMPSON

Ránsfengurinn sem um ræðir er munir sem tengjast ferli Simpsons, en þeir voru varðveittir í húsnæði hótelsþilavitis í Las Vegas. Sjálfur hefur Simpson sagt að hann hafi við nokkra aðra menn aðeins verið að endurheimta muni úr sinni eigu.

Engin vopn hefðu komið við sögu. Að sögn lögreglu eru sex manns grunaðir um aðild að málinu.

# Taro Aso um arftakaslag: Segir Fukuda ofjarl sinn

**JAPAN, AP** Yasuo Fukuda úr öldungaforystusveit japanska stjórnarfloksins LDP virtist í gær eiga greiða leið að því að verða arftaki Shinzos Abe sem flokksformaður og forsætisráðherra, eftir að Taro Aso lýsti því yfir að hann teldi að hann myndi lúta í lægra haldi fyrir Fukuda ef kosið yrði á milli þeirra.

Aso, sem er fyrrverandi utanríkisráðherra og hafði fyrst eftir að Abe boðaði afsögn sína í síðustu viku verið álitinn líklegur arftaki, sagðist þó myndu gefa áfram kost á sér þó ekki væri nema til að tryggja flokksmönnum opið formannskjör. Ákveðið hefur verið að það fari fram 23. september.



**BROTNAÐI** Frá vettvangi slyssins á Phuket-flugvelli. Vélín brotnaði í tvennt við brotlendingu og eldar kviknuðu.

# Nærri níutíu manns fórust í brotlendingu

Eftir því sem næst varð komist voru tveir Svíar en ekki fleiri Norðurlandabúar meðal látinna í flugslysi sem varð á taílenku ferðamannaeyjunni Phuket í gær. Þota á leið frá Bangkok brotlenti í úrhellisrigningu og brotnaði í tvennt. 42 komust lífs af.

**TAÍLAND, AP** Farþegaþota með marga erlenda ferðamenn innanborðs hrapaði í gær á taílenku ferðamannaeyjunni Phuket. 88 manns fórust í slysinu en 42 manns komust lífs af, mismikið slasaðir, að sögn taílenkra yfirvalda.

Worapot Rattaseema, varaheradsstjóri Phuket, sagði að í bili lægi ekki fyrir hve margir útlendingar hefðu verið meðal látinna, en staðfest væri að þar væri að finna fólk af írsku, ísraelsku, áströlsku og bresku þjóðerni. Samkvæmt því sem fréttavefur Politiken hafði eftir starfsmanni danska sendiráðsins í Bangkok voru nöfn tveggja Svía á óopinberum lista yfir látna en ekki aðrir Norðurlandabúar.

Embættismenn á vettvangi sögðu að flugvélin, sem var af gerðinni MD-82, brotlenti í roki og rigningu, hefði runnið út af flugbrautinni og brotnað í tvennt. Fólk sem komst lífs af úr slysinu lýsti miklu óngþveiti, þar sem farþegar reyndu í ofboði að bjarga lífi sínu með því að skrifa út um glugga eftir að eldar höfðu kviknað í sundurbrotinni flugvélinni og reykur byrgði öllum sýn.

Þotan, sem var frá taílenku lágjaldflugfélaginu One-Two-Go, var með 123 farþega og sjö manna áhöfn á leið frá Bangkok til Phuket þegar slysið varð.

Taílenka heilbrigðisráðuneytið birti lista með nöfnum 30 útlendinga sem komist hefðu lífs af úr

slysinu en alls voru 78 erlendir ríkisborgarar sagðir hafa verið um borð. Jikarat Wongtawan, starfsmaður sjúkrahúss á Phuket þar sem 32 af þeim sem komust lífs af lágu, sagði að þar af væru átta Bretar, fimm Þjóðverjar, fimm Íranar, tveir Ísraelar og einn Ástrali, Íri og Kanadamaður.

Talsmenn flugmálayfirvalda vildu ekki skera úr um það strax hvað hefði valdið slysinu, en sögðu veðurskilyrðin mjög sennilega hafa átt þar hlut að máli.

Slysið er það mannskæðasta sem orðið hefur í Taílandi síðan í desember 1998, þegar 101 maður fórst í brotlendingu þotu Thai-flugfélagsins í Surat Thani.

audunn@frettabladid.is

# Nýr formaður SUS: Þórlindur Kjartansson kjörinn

**STJÓRNMÁL** Þórlindur Kjartansson var kjörinn formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) á þingi sambandsins á Seyðisfirði í gær.

Þórlindur hlaut 90,5 prósent atkvæða. Alls greiddu 171 manns atkvæði á þinginu og hlaut Þórlindur 152 atkvæði.



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Teitur Björn Einarsson var kjörinn fyrsti varaformaður og hlaut hann 129 atkvæði.



**ÞÆTIST Í HÓPINN** Lundapysja lék sér með hvöllumum.

# Vestmannaeyjahöfn: Hvalirnir svamla enn

**NÁTTÚRA** Hvalirnir sem gerðu sig heimakomna í Vestmannaeyjahöfn í fyrradag eru þar enn.

Nýjustu fregnir af hvöllumum eru þær að nú hefur lundapysja bæst í hópinn. Hún hefur leikið sér að því að synda nálægt hvöllumum. Þrátt fyrir augljósan stærðarmun virðist pysjan óhrædd við hvalina og fór vel á með þeim í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var á ferð í höfninni.

Hvalirnir hafa vakið mikla kátínu á meðal heimamanna og hafa fjölmargir farið niður á höfn til að fylgjast með þessum nýju gestum Vestmannaeyja.

**capacent**

**INNGANGUR AÐ MARKAÐSFRÆÐUM**

19. SEPTEMBER KL. 13:00-17:00

Skráning og nánari upplýsingar á [www.capacent.is](http://www.capacent.is), [namskeid@capacent.is](mailto:namskeid@capacent.is) eða í síma 540 1000.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

### VEÐURSPÁ

**um hádegi »**

**» á morgun**

Strekkingur með ströndum sunnan og vestan til.

**» miðvikudagur**

3-10 m/s, hvassast allra syðst.

Stað	Veður	Temperatura
Kaupmannahöfn	18°C skúrir	London 17°C skúrir
Billund	17°C skúrir	Paris 23°C léttskýjað
Osló	14°C skúrir	Amsterdam 21°C léttskýjað
Stokkhólmur	16°C skúrir	Frankfurt 18°C skúrir
Gautaborg	17°C skúrir	Berlín 23°C léttskýjað
Friedrichshafen	23°C léttskýjað	
Basel	25°C léttskýjað	
Alicante	28°C léttskýjað	
Róm	27°C skúrir	
Las Palmas	26°C léttskýjað	

**um hádegi »**

\* Vinndráði er í metrum á sekúndu.

# Tilboðslán

## ...fyrir hverju sem er

Óvenju  
hagstætt lán!

- Lægri greiðslubyrð
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán

**TILBOÐS  
VEXTIR!**

# 16,75%


Tilboðslánið hentar vel til að greiða niður óhagstæðar skuldir, eða að láta draumana rætast, hvort sem það er eldhúsinnrétting, trommu-sett, uppvottavél, framkvæmdir heima fyrir eða eitthvað annað...  
...þitt er valið!

Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði

Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.314 kr.	38.071 kr.	56.828 kr.	75.585 kr.	94.342 kr.
2	10.488 kr.	20.586 kr.	30.684 kr.	40.782 kr.	50.880 kr.
3	7.546 kr.	14.758 kr.	21.969 kr.	29.181 kr.	36.393 kr.
4	6.075 kr.	11.844 kr.	17.612 kr.	23.380 kr.	29.149 kr.
5	5.193 kr.	10.095 kr.	14.998 kr.	19.900 kr.	24.803 kr.
6	4.604 kr.	8.929 kr.	13.255 kr.	17.580 kr.	21.905 kr.
7	4.184 kr.	8.097 kr.	12.010 kr.	15.923 kr.	19.836 kr.
8	3.869 kr.	7.472 kr.	11.076 kr.	14.680 kr.	18.284 kr.

Forsendur: 1,5% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,75% vextir - Kostnaður lánaður

**Þú getur sparað 367.584 kr.  
með því að taka tilboðslán S24:**



M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 16,75% vexti hjá S24 og 21,15% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum (sem er 4,4% munur) þá borgarðu 3.829 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, **þú sparar 45.948 kr. á ári og 367.584 kr. í heildina.**

Sæktu um lán...  
**WWW.S24.IS**



**533 2424 – Sætún 1**

\*Miðað við vaxtatöflu S24 01.09.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24  
\*Miðað við að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar  
Tilboð þetta gildir til 31.10.2007

**KJÖRKASSINN**

Horfðir þú á fyrsta Spaugstofu-þátt vetrarins?

JÁ	55,3%
NEI	44,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

Bera Kate og Gerry McCann ábyrgð á hvarfi dóttur sinnar, Madeleine McCann?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Gísli Marteinn Baldursson setti í gær samgönguviku í Reykjavík í Perlunni:

## Reykjavík orðin stór bílaborg

**UMHVERFISMÁL** „Við höldum samgönguviku til að vekja athygli borgarbúa á þeim kostum sem eru í boði þegar kemur að samgöngum í borginni,“ segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.

Í vikunni verður boðið upp á fyrirlestra og fundi sem snúa að samgöngum.

Gísli Marteinn leggur áherslu á að samgönguvikan sé ekki herferð gegn einkabílum heldur sé verið að minna borgarbúa á aðra kosti í samgöngum.

„Ekki þarf að minna neinn á hvernig ástandið er á götum borgarinnar sem helgast fyrst og fremst af því að á síðustu tólf árum hefur bílaeign í borginni farið úr 450 bílum á hverja þúsund íbúa í 630 bíla á hverja þúsund íbúa.“ Hann segir að 630 bílar á þúsund íbúa sé með því mesta sem gerist í stóru bílaborgunum í Bandaríkjunum.

Gísli Marteinn segir Reykjavík þó ekki skipulagða sem bílaborg þótt fjöldi bíla hafi aukist. „Þess vegna er



**SAMGÖNGUVIKA 2007** Samgönguvika Reykjavíkurborgar var sett í Perlunni í gær.

mikilvægt að við förum ekki að breyta borginni út frá þessum nýtilkomna bílafjölda heldur skipuleggjum borgina þannig að unga fólk geti í framtíðinni valið á milli margra kosta í samgöngumálum.“

Aldrei of seint að prófa:

## Hundrað ára í hliðarvagni

**BANDARÍKIN, AP** Evelyn Warburton í Berwick í Pennsylvaníuríki sýndi og sannaði um helgina að það er aldrei of seint að prófa að aka mótörhjól. Hún varð 100 ára á fimmtudaginn var en henni var ekið í eigin afmælisveislu í hliðarvagni Harley Davidson-mótörhjóls, íklædd fullum skrúða í stíl við farartækið – leðurjakka, opnum hjálmi og sólgleraugum.

„Það var gaman í dag,“ sagði Warburton eftir ferðina.

„Hún er alltaf til í að prófa eitthvað nýtt,“ sagði dóttirin, Nancy Hertz, um móður sína.

- aa

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Meiddist á höfði í bílveltu

Ökumaður var fluttur með sjúkraflugi á Landspítalann með höfuð-áverka eftir að hann velti jappa sínum í hálfu við Hraunaveitur í fyrirkvöld. Meiddsl mannsins voru ekki alvarleg og var hann útskrifaður í gær.

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Sló til lögreglumanns

Fjórir menn gistu fangageymslu lögreglunnar á Suðurnesjum í fyrri-nótt vegna ölvunarláta og óspekta. Einn þeirra hafði slegið til lögreglumanns. Tekin var af honum skýrsla í gær eftir að áfengisvíman rann af honum.

# Greitt fyrir aðgang að orkuauðlindum

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra telur ekki óeðlilegt að notendur orkuauðlinda greiði umsamið gjald fyrir aðganginn. Gangi hugmyndir hans eftir verður orkuauðlindum í umsjá ríkisins ekki úthlutað með varanlegum hætti.

**STJÓRN MÁL** „Sá sem hefur eignarhald auðlindanna með höndum verður að gefa öllum sem vilja jafnan kost á að hasla sér völl í samkeppnisrekstri um nýtingu þeirra. Og það er alls ekki óeðlilegt að samið verði um gjald til eigandans fyrir notkun,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sem undirbýr umfangsmiklar breytingar á orkumarkaðnum og hyggst leggja fram frumvarp þar að lútandi í vetur.

Össur vill aðskilja einokunar- og samkeppnisrekstur orkufyrirtækja og tryggja félagslega meiri hlutaeign á fyrirtækjum sem veita almannaþjónustu í krafti einokunar.

Hann vill jafnframt tryggja að þau orkuréttindi á sviði hita og vatns sem nú eru í samfélagslegri forsjá verði það áfram. „Orkuauðlindum í umsjá ríkisins mætti því ekki ráðstafa með varanlegum hætti og við þurfum að finna sanngjarna aðferð til að deila nýtingu þeirra út með þeim hætti sem þjóðin getur felið við sig,“ segir Össur og bendir á að langflestar þeirra orkulinda sem nú eru nýttar séu í opinberri forsjá sveitarfélaga eða ríkisins og voru byggðar upp og þróaðar af samfélaginu. Megnið af óbeisluðum orkulindum sé það líka. Ekki standi til að ríkið



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

kaupi eða taki eignarnámi orkuréttindi í eigu einstaklinga eða fyrirtækja. „Ríkið gæti hins vegar sett þær reglur um ráðstöfun orkuauðlinda að ekki yrði heimilt að afsala þeim til einkaaðila frekar en orðið er. Sveitarfélög þyrftu þá að setja orkuréttindin í sérstök félög ef þau kysu að orkufyrirtæki í þeirra eigu leituðu sér nýrra samstarfsaðila á markaði.“

Össur segir að náist samstaða um þessar hugmyndir verði tryggt að áhætturekstur, sem útrás orkufyrirtækjanna sé í eðli sínu, geti ekki leitt til þess að orkuauðlind-



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Iðnaðarráðherra undirbýr umfangsmiklar breytingar á skipan orkumála í landinu og vill meðal annars skilja að samkeppnisrekstur og almannaþjónustu orkufyrirtækjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

innar tapist í annarra hendur.

Mikill og vaxandi áhugi alþjóðlegra fjárfesta, hvort heldur er íslenskra eða erlendra, á íslenskum orkumarkaði er ástæða þess að Össur vill skapa greininni nýjan lagaramma. Sjálfur telur hann að nauðsynlegt sé að bregðast við nýrri stöðu. „Það er ekkert í dag sem kemur í veg fyrir að alþjóðleg fjárfestingarfyrirtæki, hvort sem þau heita FL Group eða Goldman Sachs, komist inn í viðkvæmasta hluta markaðarins, bæði það sem nú er undir einokun og í eignarhald á auðlindinni. Þetta er gerbreytt landslag.“

bjorn@frettabladid.is

**Óvitar!**

Stórskemmtilegt leikrit Guðrúnar Helgadóttur fæst í næstu bókabúð!

Allir í leikhús á Akureyri! Sýningar í fullum gangi.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

S. 4 600 200 / leikfelag.is

## HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



**DECUBAL**  
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FERÐ DECUBAL Í NÆSTA APÓTEKI

Fjöldi bíla sat fastur í umferð í Norðurárdal í á annan tíma vegna fjárgangna:

## Sauðfé tafði ferðalangana í umferðinni

**UMFERÐ** Fjöldi ökumanna sat fastur í umferð í Norðurárdal í Skagafirði í vel á aðra klukkustund síðdegis í gær vegna þess að verið var að reka fé eftir veginum.

„Þetta er hneyksli, við erum á íslenskum þjóðvegi,“ sagði Sigurður Helgason í samtali við Fréttablaðið þegar hann hafi beðið í um eina og hálf klukkustund. Sigurður segir þolinmæði ferðalangana hafa verið á protum, og margir þeirra hafi verið komnir út úr bílum sínum og lagðir af stað fótgangandi meðfram bílalengjunni til að sjá hvað olli töfunum. „Fólk er snarbrjálað,“ sagði hann. „Maður mundi skilja þetta ef það hefði orðið slys eða eitthvað, en þetta finnst mér ekki í lagi.“

Björn Mikaelsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, segir að búast megi við töfum á umferð víða um land á þessum tíma ár hvert vegna fjárgangna. „Bændur verða að fá að reka fé eftir veginum þar sem það þarf, hins vegar eiga þeir að sýna tillitssemi. Auðvitað er reynt að greiða götu allra.“ Hann segir að þegar vegaframkvæmdum, sem nú standa yfir í Norðurárdal, lýkur á næstunni verði þetta vandamál úr sögunni þar.

Sigurður losnaði loks úr teppunni um klukkan sex



**SAUÐFÉ Á VEGI** Sigurður segir kindahópin hafa teygst sig eftir sex kílómetra löngum kafla meðfram veginum. Myndin er úr safni.

þegar féð var rekið á slóða við hlið vegarins. Hann sagði kindahópin hafa teygst sig eftir sex kílómetra löngum kafla meðfram veginum.

- sh

Stillanlegt og þægilegt



## Rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og frábært úrval svefnherbergishúsgagna



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóðbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjóðmum, öxlum og höndum.

Yfir 30.000 lækningar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og koddar koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566

Akureyri  
Tryggvabraut 24  
Sími 462 1410

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



## BEIN SAMSKIPTI MANNSHEILANS OG VÉLA



Vísindaskáldsagan er að  
verða að veruleika

Dr. Miguel Nicolelis, prófessor í taugalífraði og heilbrigðisverkfræði við Duke University Medical Center í Norður-Karólínuríki í Bandaríkjunum, heldur fyrirlestur um rannsóknir sínar í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, miðvikudaginn 19. september nk. kl. 17:00 í stofu 101.

Dr. Nicolelis hefur verið tilnefndur sem einn áhrifamesti vísindamaður samtímans af virtustu vísindatimaritum heims og eftir hann hafa birst hátt á annað hundrað vísindagreina.

Hann hefur á undanföllum árum rannsakað sambættingu heila og véla þar sem leitast er við að stjórna tækjum beint með heilastarfseminni. Hann er af mörgum talinn líklegastur núlifandi vísindamanna til að ná marktækum árangri sem nýst getur hreyfihömluðu fólki á næstu árum, t.d. við að beita taugavirkni til þess að stýra gervilimum eða eigin útlimum.

Fyrirlesturinn er öllum opin og aðgangur er frír.



# Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, í nýrri bók: Segir Íraksstríðið snúast um olíu

**BANDARÍKIN, AP** Alan Greenspan, sem í átján og hálf ták var seðlabankastjóri Bandaríkjanna, gagnrýnir George W. Bush Bandaríkjaforseta harkalega fyrir óábyrga fjármálastjórn í nýrri bók. Hann segist líka vera „hryggur yfir því að það sé pólitískt óæskilegt að viðurkenna það opinberlega sem allir vita: að Íraksstríðið snýst fyrst og fremst um olíu“.

Eftir þessari gagnrýni Greenspans er tekið, ekki síst vegna þess hve hann er í miklum metum meðal flokksmanna Bush í Repúblíkanaflokknum. Hann lýsir sér enda sjálfum sem „frjálslyndum repúblíkana“ en gagnrýnir eigin flokk fyrir að svíkja þá meginstefnu hægrímanna að stuðla að sem minnstu ríkisbákni.

„Mestu vonbrigði mín eru þau að forsetinn skyldi ekki hafa viljað beita neitunarvaldi sínu gegn ríkisútgjöldum sem eru farin úr böndunum,“ skrifar Greenspan.

Árið sem Bush tók við völdum, 2001, er það síðasta



**GAGNRÝNIR BUSH** Greenspan segir Bush hafa tapað stjórn á ríkisútgjöldum. Hér hengir Bush orðu á Greenspan í nóvember 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sem afgangur var á bandarísku fjárlögunum. Halli hefur verið á ríkisrekstrinum á hverju ári síðan. Árið 2004 varð methallarekstur, er hann fór í 413 milljarða dala, andvirði yfir 26.000 milljarða króna.

- aa

# Fóru sjálf úr vélinni áhöfninni til furðu

Upplýsingafulltrúi Icelandair segir fjölskylduna með hjartveika kornabarnið sjálfa hafa valið að yfirgefa flugvél félagsins í Boston áhöfninni til furðu.

**NEYTENDUR** Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að í frétt Fréttablaðsins í gær af fjölskyldu um borð í vél flugfélagsins frá Boston hafi verið dregin upp ósanngjörn og röng mynd af félaginu og starfsfólki þess.

Í fréttinni í gær var sagt frá því að hjónum, sem voru á leið heim frá Boston með átján mánaða gamla stúlku og þriggja mánaða gamlan dreng sem verið hafði í hjartauppskurði, var gert að yfirgefa vélina þar sem fjölskyldufaðirinn neitaði að sitja í sæti sínu á almennu farrými. Hann vildi að fjölskyldan fengi að færa sig á Saga Class. Konan sagðist hafa viljað fljúga ein heim til Íslands með börnin en að henni hafi verið vísað út með manni sínum. Haft var eftir Guðjóni Arngrímssyni að Icelandair tjáði sig ekki um málefni einstakra farþega en að reglan væri sú að farþegar sætu í þeim sætum sem farmiðar þeirra segðu til um.

„Þessari fjölskyldu var alls ekki vísað frá borði,“ segir Guðjón, sem kveður áhöfnina hafa orðið vara við það þegar verið var að gera flugvélin klára til brottfarar að maður nokkur neitaði að setjast í sæti sitt. Hann hafi fullyrt að fjölskylda hans ætti að sitja á Saga Class. „Við snögga athugun kom í ljós að fjölskyldan, hjón með tvö lítil börn, var með miða á almennu farrými og að Tryggingastofnun var greiðandi miðanna.“

Guðjón segir margar íslenskar fjölskyldur fara í lækniáðgerðir í Boston og að áhafnir Icelandair leggi sig fram um að láta þeim líða vel.

„Reynt var að útskýra fyrir manningum að vélin væri að fara og hann yrði að setjast í sætið sitt. Maðurinn



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON** Fjölskyldan var velkomin um borð en vildi frekar verða eftir, segir upplýsingafulltrúi Icelandair.

neitaði að setjast niður og krafðist þess að fljúga á Saga Class. Engu tauti var við hann komandi og á brottfarartíma þurfti flugstjórinn að koma fram og bjóða honum tvo kosti: annaðhvort fengju þau sér sæti, svo að vélin gæti farið í loftið, eða þau yrðu að yfirgefa vélina. Maðurinn valdi seinni kostinn. Þá þurfti að taka farangur þeirra af vélinni og tafðist brottför flugsins um fimmtán mínútur þess vegna,“ segir Guðjón.

Þá segir upplýsingafulltrúinn rangt sem komi fram í Fréttablaðinu í gær að hann hefði staðfest að fólkinu hefði verið vísað frá borði. „Það var ekki gert. Þau voru velkomin um borð, höfðu fullgilda farmiða og hefðu fengið afbragðsþjónustu fyrir sig og ungarbarnið á leiðinni heim. Þau vildu frekar verða eftir og óhætt er að segja að starfsfólk okkar, sem þó er ýmsu vant, var furðu lostið.“

gar@frettabladid.is

## MCSA

Aðalmarkmið MCSA námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt eftirsóttu alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

**Microsoft**  
CERTIFIED  
Systems Administrator

### Námsbrautin samanstendur af námskeiðunum:

- Installing, Configuring, and Administering Microsoft Windows XP Professional (70-270)
- Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment (70-290)
- Implementing, Managing, and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Network Infrastructure (70-291)
- Implementing and Managing Microsoft Exchange Server 2003 (70-284)

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.30 - 21.30  
Kennsla hefst 27. september og lýkur 28. febrúar.  
Lengd 240 stundir. Verð kr. 290.000,-  
Allt kennsluefni og 4 próf innifalín.

### Fengu vinnu meðan á námi stóð

Nú er tækifærið. Eftirspurn eftir upplýsingatæknimennuðu fólki hefur aldrei verið meiri. Flestir nemendur okkar fengu vinnu meðan á námi stóð.

„Mjög praktískt nám sem hefur margbargað sig.“  
Rúnar Páll Rúnarsson, kerfisfræðingur

„Nám sem stóð undir öllum mínum væntingum og opnaði fyrir mig leiðir í starf kerfisfræðings hjá stóru fyrirtæki.“  
Teitur Hjaltason kerfisfræðingur

### MCP XP

Kennsla hefst 27. sept. og lýkur 30. okt.  
Lengd 60 std. Verð kr. 89.900,-  
Allt kennsluefni og tilskilið próf (70-270) innifalið.

**Microsoft**  
CERTIFIED  
Professional

Nánari upplýsingar á [www.tsk.is](http://www.tsk.is)

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKING**  
FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

## Lotus Professional Heildarlausn fyrir snyrtinguna



3.982 kr.

Lotus enMotion blár snertifrískammtari  
Lotus enMotion hvítur snertifrískammtari

1.865 kr.

Lotus sápuskammtari Foam blár  
Lotus sápuskammtari Foam hvítur

1.865 kr.

WC SmartOne statíf blátt  
WC SmartOne statíf hvítt

1.865 kr.

Þú sparar bæði pappír og sápu með nýju Lotus Professional skömmturinum

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



# EKKI ÚTSALA!

Dekacryl 7 innimálning 10l



~~Áður kr. 2.990,-~~  
Kr. **2.990,-**

Austurrískt gæðaparket



~~Áður kr. 2.230,- pr. m<sup>2</sup>~~  
Kr. **2.230,-** pr.m<sup>2</sup>

Hvítar og gráar  
veggflísar 15x15 cm



~~Áður kr. 795,- pr. m<sup>2</sup>~~  
Kr. **795,-** pr.m<sup>2</sup>

Plastparket eik



~~Áður kr. 790,- pr. m<sup>2</sup>~~  
Kr. **790,-** pr.m<sup>2</sup>

Náttúrusteinn Mustang 30x60 cm



~~Áður kr. 2.190,- pr. m<sup>2</sup>~~  
Kr. **2.190,-** pr.m<sup>2</sup>

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

Opið mán. - fös. 8-18  
laugardaga 9-16



**MÚRBÚÐIN**  
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klethálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



## Motorlift bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrifnu Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótör og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

**Motorlift fæst í byggingavörverslunum um land allt.**

**CHAMBERLAIN™**  
MEÐ ÍSLENSKUM LEIÐBEININGUM.

Skoskur Evrópuþingmaður biðlar til Íslendinga vegna sjávarútvegsstefnu ESB:

# Íslendingar hjálpi til við að bæta sjávarútvegsstefnu ESB

**EVROPUMÁL** Alyn Smith, þingmaður á Evrópuþinginu fyrir Skoska þjóðernisflokkinn, SNP, hefur sem meðlimur í tengslanefnd Evrópuþingsins við EFTA-ríkin Ísland, Noreg, Sviss og Liechtenstein haft frumkvæði að því að bjóða Einar Kristni Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra á fund með nefndinni í Skotlandi „til að ræða framtíð sjávarútvegs- og siglingastefnu ESB“.

„Jafnvel sem ríki sem ekki á aðild að Evrópusambandinu hefur

Ísland aðrar leiðir til að hafa áhrif á umbætur á ESB,“ sagði Smith á fundi í Brussel, að því er greint er frá á fréttavefnum Fishupdate.com.

„Ég tel að það séu margar leiðir sem gera okkur Skotum, siglingabjóð innan ESB, og ykkur [Íslendingum],



EINAR K. GUÐFINNSSON

siglingabjóð utan ESB, kleift að vinna saman að því að breyta því sem er stærsta vandamál okkar við aðildina að ESB og stærsta hindrunin í vegi fyrir inngöngu ykkar [í sambandi],“ segir Smith.

Sem Skoti segist hann ekki geta sagt annað en að sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB sé misheppnuð. „Við verðum að semja hana upp á nýtt og með ykkar hjálp tel ég að hægt sé að gera hana nothæfa.“

- aa

Slæmt ástand í Afríku:

## 150 hafa farist vegna vatnavaxta í Afríku

**ÚGANDA, AP** Rúm milljón manna víðs vegar um Afríku hefur farið illa út úr miklum flóðum sem ganga yfir heimsálfuna.

Hundruð þúsunda hafa þurft að yfirgefa heimili sín og að minnsta kosti 150 manns hafa farist.

Sameinuðu þjóðirnar hafa varað við því að meiri rigningu sé spáð á svæðinu auk þess sem útbreiðsla farsóttu sé á næsta leiti.

„Vandamálið versnar með hverri klukkustund. Aðgangur að sumum svæðum er nánast ómögulegur. Við þurfum á bátum og þylum að halda til að geta sinnt hjálparstarfinu,“ sagði Musa Escweru hjá hjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna.

- fb



**ÞJÓNUSTUVERK SÍMANS** Foreldri, sem vildi fylgjast með símnottkun barns síns erlendis, fékk ekki sendar neinar upplýsingar. Þó var henni boðin slík þjónusta.

# Bjóða þjónustu sem virkar ekki

Síminn býður ábyrgðarmönnum á erlendri farsímanotkun barna undir 18 ára aldri að fylgjast með notkuninni með reglulegum skilaboðum. Ekki kemur fram að biðin getur verið tvær til þrjár vikur.

**NEYTENDUR** Foreldrar eiga kost á að færa símnottkun barna sinna á eigin reikning hjá Símanum þegar börnin ferðast til útlanda. Í slíkum tilfellum ber Símanum að senda foreldrum reglulega tölvupóst og smáskilaboð um notkunina. Börnin eiga jafnframt að geta fylgst með stöðu reikningsins í gegnum regluleg smáskilaboð.



LINDA WAAGE

Ragnheiður Stefánsdóttir segir þjónustu Símans ekki virka sem skyldi. Ragnheiði barst hvorki tölvupóstur né smáskilaboð um símnottkun dóttur sinnar meðan hún var á Englandi. Daginn sem stúlkann kom frá Englandi höfðu henni borist tvenn skilaboð um notkun fyrir um 2.000 krónur. Þremur vikum síðar bærust henni síðustu skilaboðin frá Símanum og reyndist notkunin þá hafa verið um 15.000 krónur.

Ragnheiður segist ekki setja út á upphæð reikningsins fyrir utan fimm erlend simtöl, þar sem náðist hvorki í viðtakanda né talhólf. Gjaldidið fyrir þau simtöl var 179 krónur fyrir hvert.

„Mér þykir sem brotið hafi

verið á mér sem ábyrgðarmanni reikningsins þegar ég var ekki látin vita af stöðu mála. Þar að auki virkaði þjónustan ekki sem skyldi þar sem dóttir mín gat ekki fylgst með notkuninni,“ segir Ragnheiður.

Linda Waage, upplýsingafulltrúi Símans, segist ekki kannast við að gjöld séu lögð á hringingar þegar viðtakandi svarar ekki. „Ef það hefur gerst verður að skoða það nánar,“ segir hún.

Þá segir Linda þjónustuna við ábyrgðarmenn ekki virka nákvæmlega og að það hafi verið rætt innan fyrirtækisins að vekja meiri athygli á því á heimasíðu Símans.

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins leitaði upplýsinga á heimasíðu fyrirtækisins stóð þar að „ábyrgðarmenn fái tölvupóst með upplýsingum um notkun í útlöndum um leið og þær berist frá erlendum farsímafyrirtækjum“. Þá var fólk beðið að athuga að þessar upplýsingar gætu verið „allt að nokkurra daga gamlar“.

Hjá starfsmanni söluvers Símans fékk blaðamaður þær upplýsingar að oft liðu tvær til þrjár vikur frá því að hringt er og þar til upplýsingarnar frá erlendu farsímafyrirtækjunum bærust og að lítill munur væri á fyrirtækjunum að þessu leyti.

eva@frettabladid.is

## Lifandi miðborg

Morgunverðarfundur á vegum Samson Properties í Listasafni Íslands

19. september kl. 8:00 - 10:00

Miðbær Reykjavíkur hefur frá upphafi verið í stöðugri þróun og mótun. Um þessar mundir eru hafnar miklar framkvæmdir í eldri hverfum borgarinnar og áform eru víða uppi um endurgerð og uppbyggingu húsa og svæða. Segja má að borgin standi á tímamótum sem sést á kraftmikilli opinberri umræðu um leiðir til að efla miðborg Reykjavíkur.

Samson Properties er fasteignapróunarfélag sem vill taka virkan þátt í að efla og treysta miðborgina. Félagið býður til morgunverðarfundar þar sem ræddar verða áherslur og leiðir við endurnýjun og uppbyggingu miðborga. Jafnframt verða kynntar hugmyndir að nýjum miðborgarkjarna í Reykjavík, þar sem horft er til framtíðar og virðing borin fyrir sögulegri sérstöðu miðborgarinnar.

### DAGSKRÁ

- 08:00** Morgunverður
- 08:30** **Björgólfur Guðmundsson, athafnamaður**  
Tækifæri til að skapa lifandi miðborg
- 08:35** **Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Samson Properties**  
Samson Properties og áherslur í miðborg Reykjavíkur
- 08:40** **Jan Gehl, arkitekt, aðaleigandi Gehl Partners og prófessor í skipulagsfræðum**  
Hvenig skapa má miðborg sérstöðu – mannlífið á milli húsa
- 09:00** **Pétur H. Ármannsson, arkitekt, varaformaður Húsafríðunarnefndar og stjórnarmaður í Torfusamtökunum**  
Uppbygging og verndun. Er hægt að skapa sátt?
- 09:15** **Björn Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Fasteignapróunar ehf., og Kim Nielsen, arkitekt og aðaleigandi 3xN í Danmörku**  
Miðborgarkjarni í mótun – verkefnakynning
- 09:30** Umræður og kaffiveitingar
- 10:00** Fundi lokið

Fundarstjóri er Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Samson Properties

Fundurinn er opin allum, enginn aðgangseyrir



Lögregla leitar innbrotsþjófs:

## Braust inn og stal ferðatösku

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í kjallaraíbúð við Bergþórugötu í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt. Að sögn lögreglu hafði innbrotsþjófurinn á brott með sér flatskjá, fartölvu og stærðarinnar ferðatösku.

Tilkynnt var um innbrotið snemma í gærmorgun og fóru þá fulltrúar frá rannsóknar- og tæknideild lögreglu á vettvang. Að sögn varðstjóra leikur grunur á um hver var að verki. Hann hafði þó ekki verið handtekinn í gær og var enn leitað.

- sh

Borað á Hellisheiði:

## Rafmagn á almennan markað

**IÐNAÐUR** Á næstu vikum verður tekin í notkun lágbrýstivél í Hellisheiðarvirkjun. Frá vélinni mun koma fyrsta rafmagnið sem Orkuveita Reykjavíkur framleiðir fyrir almennan markað í talsverðan tíma.

Starfsmenn Jarðborana vinna við borunina. Á milli tvö og þrjú hundruð manns vinna á svæðinu og fer fjöldi þeirra eftir því hvaða verkefni liggja fyrir hverju sinni.

- lbb

**HELLISHEIÐI** Hellisheiðarvirkjun er jarðvarmavirkjun á sunnanverðu Hengils-  
svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR



**DARFUR-DAGUR** Frá kröfugöngunni í Lundúnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Minnt á Darfur-vandann:

## Kröfugöngur víða um heim

**LONDON, AP** Frægir listamenn, mannréttindafrömuðir og baráttufólk tók í gær þátt í útifundum víða um heim þar sem skorað var á ráðamenn heims, sem koma saman í vikunni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, að gleyma ekki neyðarástandinu í Darfur-héraði í Súdan.

Í slíkrri kröfugöngu í Lundúna- borg gengu margir með svart augnbindi sem tákn fyrir það hvernig alþjóðasamfélagið hefur setið aðgerðalaust frá því það sór fyrir tveimur árum að stöðva voðaverkin í Darfur.

Slíkar göngur voru áformaðar í yfir þrjátíu löndum í gær. - aa



**BÆJARSTJÓRI Á VATNSENDA** Síminn leggur háhraðanet í nýja byggð. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Ný hverfi við Elliðavatn:

## Háhraðanet fyrir landnema

**SKIPULAGSMÁL** Kópavogsbær og Síminn hafa tekið upp samstarf vegna lóðaúthlutunar fyrir 650 íbúðir við Elliðavatn. „Síminn sér til þess á grundvelli samkomulags við Kópavogsbæ að leggja ljósleiðaranet í hverfið með fjölbreyttu þjónustuframboði, þar með talið háhraða nettengingu og Sjónvarpi Símans sem veitir aðgang að bestu mögulegum myndgæðum og VOD-bíói heima í stofu,“ segir um samstarfið. Nýja hverfið mun bera nafnið Vatnsendahlíð. Áætlað er að lóðirnar verði tilbúnar til byggingar í lok næsta árs. - gar

### ENGLAND

#### Slys á flugsýningu

Flugmaður slasaðist alvarlega þegar lítill vél hans brotlenti á flugsýningu á Englandi á laugardag. Slysíð átti sér stað á opunardegis sýningarinnar sem samtök konunglega flughersins stóðu fyrir. Þess er nú minnst að 67 ár eru frá orrustunni um Bretland.

Þú ert  
leikstjórinn  
í þínu lífi

**HVAÐ** VILTU VERÐA? **HVAÐ** VILTU LÆRA? **HVERT** VILTU FARA?  
**ÞÚ** ERT LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI, OG ÞAÐ ER SAMA **HVAÐA** HLOTVERK ÞÚ VELUR, **KAUÞING** STENDUR MEÐ ÞÉR.  
**KAUÞING** BÝÐUR ÞJÓNUSTU SEM ER SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM UNGS FÓLKS.  
**KANNAÐU** MÁLIÐ Á [WWW.KAUÞHING.IS/UNGTFOK](http://WWW.KAUÞHING.IS/UNGTFOK) **EÐA** HRINGDU Í SÍMA 444 7000.

**HVERT ER ÞITT HLOTVERK?** **KAUÞING**  
Hugsum lengra



## Í skugga lausafjárkreppu

Hagspá Landsbankans 2008-2010

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar á morgun, þriðjudaginn 18. september, kl. 8.30 til 10.00, á Hótel Nordica.

Á fundinum verður fjallað um horfur í íslenskum efnahagsmálum og áhrif óróleikans á erlendum fjármálamörkuðum.

- Hagvöxtur að eilífu – stóriðjan áfram við völd
- Er komið að þolmörkum á fasteignamarkaði?
- Vítahringur vaxta og gengis – hvað er til ráða?
- Erlend lausafjárkreppa og innlend áhætta

### Dagskrá:

- 8:30 **Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri, setur fundinn**
- 8:40 **Var einhver að tala um pásu?**  
Lúðvík Elíasson kynnir hagspá Landsbankans 2008 – 2010
- 9:00 **Fasteignamarkaður á krossgötum**  
Kristrún Tinna Gunnarsdóttir fjallar um horfur á fasteignamarkaði
- 9:15 **Innlendir og erlendir áhættuþættir**  
Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður Greiningardeildar, rýnir í stöðuna og helstu áhættuþætti
- 9:30 **Umræður og fyrirspurnir**
- 10:00 **Fundarlok**

Fundarstjóri: Edda Rós Karlsdóttir

Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 8:15  
Vinsamlegast skráið þátttöku á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

 Landsbankinn



ANGELA MERKEL Verst kröfum um að friðargæsluliðar verði kallaðir heim frá Afganistan.

## Mótmæli í Þýskalandi: Hermenn heim frá Afganistan

**BERLÍN, AP** Um fimm þúsund Þjóðverjar komu saman í miðborg Berlínar um helgina til að hvetja stjórnvöld til að kalla þýska friðargæsluliða heim frá Afganistan. Sögðu mótmælendurnir að allar tilraunir til uppbyggingar í Afganistan hefðu mistekist og að alþjóðlegar aðgerðir gerðu einungis illt verra.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í sjónvarpsræðu að friðargæsluliðið yrði að dvelja áfram í landinu til að tryggja friðinn. „Við getum ekki látið Afganistan í hendur hryðjuverkamönnum.“ - fb



NÓNHÆÐ Eigandi svæðisins hefur ekki fallist á þau rök íbúa að byggingarnar sem þar átti að reisa hafi verið of háar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Segja skugga húsa of langa

Eigandi lóðarinnar á Nónhæð, þar sem til stóð að byggja háhýsi, hafnar því að skuggamyndun húsa hafi verið of mikil. Arkitekt segir ósanngjarnt að miða við skuggamyndun í mesta skammdegi.

**SKIPULAGSMÁL** „Skuggarnir voru ekki of miklir, það er venjulega aldrei reiknuð út skuggamyndun á dímasta tíma ársins, eins og íbúarnir voru að tala um,“ segir Kristján Snorrason, eigandi KS verktaka og lóðarinnar á Nónhæð í Kópavogi sem mikill styr hefur staðið um vegna skipulagsmála.

Bæjaryfirvöld hafa ákveðið að fallið verði frá tillögum KS verktaka um að allt að tólf til fjórtán hæða fjölbýlishús verði byggð á hældinni. Fyrir eru í hverfinu einbýlishús, raðhús og lágrest fjölbýlishús. Íbúasamtök hafa farið fram á að svæðið verði nýtt sem þjónustu- og útivistarsvæði fyrir fólkíð í kring en eldra skipulag gerði ráð fyrir því að svæðið yrði nýtt á þann hátt. Þeim hugmyndum tekur Kristján fálaga. „Ég hef átt þetta land í um fimm ár og búinn að vera að berjast í þessum skipulagsmálum allan þann tíma. Það er bara þannig að það getur enginn ráðstafað mínu landi þó að einhverja langi í eitthvað annað á þessu svæði,“ segir hann.

Kristján segist ekki vilja útlista næstu tillögur sínar að svo stöddu. Fyrri hugmyndir segir hann hafa verið rangtúlkaðar og misskildar þó að allt hafi átt að koma skýrt

fram á heimasíðu KS verktaka. Hann hafnar röksemdum um að húsin hafi verið of há og því varpað of miklum skugga yfir nærliggjandi svæði eins og helst var kvartað yfir.

Undir það tekur Björn Guðbrandsson arkitekt en hann útfærði hugmyndirnar. Hann segir að oft sé ekki miðað við skuggamyndun húsa eftir september þar sem eftir þann tíma varpi jafnvel lág hús löngum skugga og því ósanngjarnt að reikna skuggamyndun út frá þeim tíma.

Jóhann Sigurðsson, stjórnarmaður Arkitektafélags Íslands, segir flesta arkitekta þó sammála um að rétt sé að gera ráð fyrir skuggamyndun húsa í mesta skammdeginu. Hann bendir á að ýmsar ástæður séu fyrir því að á Íslandi sé yfirleitt lágrest byggð. „Skuggamyndun er meðal þeirra þátta en svo spila veðurfarslegir þættir líka inn í, svo sem vindur,“ segir Jóhann. Hann segir flesta arkitekta sammála um að þarna beri að byggja lágresta byggð vegna vinds og skuggamyndunar.

„Maður hlýtur að leggja skilning á sjónarmið fólks sem þarna býr, nægt er nú skammdegið á veturna,“ segir Jóhann. karen@frettabladid.is

Tæp 70 þúsund fara árlega á læknavakt á Smáratorgi.

## Lítill hækkun gjalda

**HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA** Um 67 þúsund sjúklingar nýta sér þjónustu Læknavaktarinnar við Smáratorg á ári hverju.

Vaktin hefur verið í Kópavogi frá árinu 1998. Þar vinna meira en 80 heimilislæknar, sem starfa jafnframt á daginn við heilsugæslustöðvar eða sjálfstætt.

Á heimasíðu Kópavogsbæjar er haft eftir forsvarsmönnum Læknavaktar að kostnaður ríkisins vegna samnings við fyrirtækið hafi hækkað lítið, miðað við verðlag launa og vísitölu verðlags, eða um 18 prósent á fjórum árum.

- kóp

Jarðskjálftarnir í Indónesíu hugsanlega aðeins undanfari enn stærri skjálfta:

## Beðið eftir stóra skjálftanum

**INDÓNESÍA, AP** Jarðskjálftafræðingar telja hugsanlegt að röð stórra jarðskjálfta í vestanverðri Indónesíu síðustu daga geti verið undanfari enn stærri skjálfta, jafnvel stærri en stóri skjálftinn í desember árið 2004. Að minnsta kosti megi úr þessu búast við slíkum skjálfta hvenær sem er.

„Enginn getur sagt hvort það verður eftir 30 sekúndur eða 30 ár,“ segir Kerry Sieh frá Tækniháskóla Kaliforníu, en hann hefur árum saman rannsakað jarðskjálftasprunguna miklu við vesturströnd Súmötru. „En það sem gerðist um daginn, held ég að geti vel verið röð smærri jarðskjálfta sem væru þá aðdragandi stærri skjálftans.“

Á miðvikudaginn í síðustu viku varð jarðskjálfti sem mældist 8,4 stig og honum fylgdu tugir öflugra eftirskjálfta, þar á meðal einn sem

mældist 7,8 stig og annar sem mældist 7,1 stig.

Þessir þrjú stóru skjálftar, ásamt stóra jarðskjálftanum árið 2004 sem mældist 9,0 stig og öðrum 8,7 stiga skjálfta snemma árs 2005, valda sérfræðingum töluverðum áhyggjum.

„Við erum öll sammála um að jarðskjálfti af stærðinni 8,5 eða stærri er í vændum,“ segir Danny Hillman, jarðskjálftafræðingur við Vísindastofnun Indónesíu.

- gb



**Í ÖNYTU HÚSI** Íbúar á Súmötru óttast enn stærri skjálfta, sem er sagður yfirvofandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STUÐNINGSMENN BHUTTO** Segja hana munu snúa heim 18. október.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Benazir Bhutto snýr aftur:

## Verður ekki send úr landi

**PAKISTAN, AP** Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, ætlar að snúa aftur úr átta ára útleið sinni hinn 18. október. Stuðningsmenn hennar í Pakistan skýrðu frá þessu um helgina.

Ríkisstjórn Pakistans fullyrðir að hún verði ekki rekin samstundis til baka, þótt Nawaz Sharif, sem einnig er fyrrverandi forsætisráðherra, hafi verið sendur úr landi strax og hann sneri úr útleið í síðustu viku.

Bhutto ætlar að taka þátt í kosningabaráttunni og vonast til að ná kjöri sem forsætisráðherra í þriðja sinn í janúar næstkomandi.

Stuðningsmenn hennar segja að hún muni koma lýðræði á að nýju í Pakistan.

- gb

Ríkisstjórn Pakistans:

## Lofar Pervez endurkjöri

**PAKISTAN, AP** Ráðandi flokkur innan ríkisstjórnar Pakistans hefur sagt forsetanum Pervez Musharraf að hann verði endurkjörinn í embætti til fimm ára í viðbót í flokkskosningum sem verða haldnar í byrjun næsta mánaðar.



**PERVEZ MUSHARRAF**

Telur flokkurinn að hann hafi næg atkvæði að baki sér innan ríkisstjórnarinnar til að tryggja honum endurkjör.

Benazir Bhutto, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í

útleið, hefur hvatt Musharraf til að bíða rólegan eftir niðurstöðum þingkosninga í janúar næstkomandi áður en hann tekur við embættinu.

- fb



SIMPLY CLEVER

## Afl og hagkvæmni

# TDI

TDI® dísilvélin eyðir aðeins  
**4,9 lítrum\***

## Skoda Octavia

Skoda Octavia með TDI® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni þarf ekki að vera mótsögn. Octavia TDI® er fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og með sí tengdu aldrifi.

**Það sem oftast er aukabúnaður er staðalbúnaður í þessum glæsilega bíl.**

- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- aksturstölv
- tengi fyrir iPod
- sex hátalarar
- hanskahólf með kælibúnaði
- sex loftpúðar
- hraðastillir (cruise control)
- þokuljós í framstuðara
- hiti í sætum
- hiti í speglum
- ISOFIX barnabílstólafestingar
- hæðarstillanleg sæti

\*M.v. 100 km blandaðan akstur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is  
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Blikur eru enn á lofti í efnahagsmálum og krefjandi vegferð fram undan.

## Sækjum í dæmisögu Nordals

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Sigurður Nordal var einn hinna stærri hugsuða sem Ísland hefur alið. Lífsverk hans á svið heimspeki og norræna fræða er mikið að burðum og ríkt að innihaldi.

Ein af eftirminnilegri dæmisögu Sigurðar, Ferðinni sem aldrei var farin, segir frá ungum manni sem borinn er til ædstu metorða og ríkidæmis. Forsendur hans eru allar hinar bestu, en í stað þess að nýta þroskakosti sína dvelur hann við hjóm og ólífnað daga og nætur.

Hinum góða keisara Markúsi Árelíusi rennur þetta háttalag unga mannsins til rifja, enda þess fullviss að pilturinn sé góður efniviður. Í stuttu máli kallar Markús Árelíus piltinn fyrir sig og segir honum að hann ætli að senda hann í krefjandi og hættulegan leiðangur sem krefjist allra hans bestu eiginleika. Til að búa sig undir ferðina breytir ungi maðurinn lífi sínu og býr sig undir hið erfiða og krefjandi hlutskipti. Hann snýr frá ólífnaði og smátt og smátt fer honum að líka vel sinn nýi lífsstíll og verður farsæll maður. Ferðin boðaða var hins vegar aldrei farin.

*Fylgjendur krónunnar og reyndar sumt hlutlaust raunsæisfólk hafa bent á að upptaka evru leysir ekki þann efnahagsvanda sem nú er glímt við.*

Sagan er klassísk og á ágætlega við nú um stöðu efnahagslífsins. Að baki er mikið blómaskeið þar sem smjör og hunang hefur dropið af hverju stráí. Fram undan kunna að vera meira krefjandi tímar, jafnvel erfiðir ef óróleiki á alþjóðamarkaði verður langvarandi.

Umræðan um evruna hefur verið áberandi að undanförunu. Þar er þegar ljóst að stórfyrirtækin munu yfirgefa krónuna bæði sem uppgjörsmýnt og við skráningu hlutabréfa. Þetta er óhjákvæmileg þróun og fráleitt að amast við henni, nema á grundvelli lokunarhugmynda í ætt við gömlu Albaníu.

Fylgjendur krónunnar og reyndar sumt hlutlaust raunsæisfólk hafa bent á að upptaka evru leysir ekki þann efnahagsvanda sem nú er glímt við. Þær athugasemdir eru hárréttar. Á hitt ber að líta að fram undan gæti verið óhjákvæmilegt ferðalag sem ekki verður farið með smáa mynt eins og krónuna í farteskinu. Þar mættu menn líta til Nordals og sækja í smiðju dæmisögunnar.

Verkefni efnahagsstjórnarinnar er að búa sig undir þetta ferðalag, hvort sem það verður farið eða ekki. Með öðrum orðum þá á markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum að vera að Ísland uppfylli ávallt öll skilyrði Evrópusambandsins um aðild að myntbandalaginu. Sem þýðir að hér ríki stöðugleiki í grunninn. Hvort sá stöðugleiki dugi til að halda örmynt í ólgusjó alþjóðavíðskipta verður síðan að koma í ljós. Ef okkur tekst að haga okkur með þessum hætti, þá er ekki ólíklegt að sama gerist og hjá mannum unga að hófstílltur og skynsamlegur lífsstíll verði að varanlegri dyggð.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björk Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



**FLOTTIR NUDDPOTTAR TIL SÖLU**

frá kr. 349.645 til kr. 517.662

**Einnig baðkór sauna og sturtur. Flytjum líka inn loftefni og hurðar.**

Ice-Innport ehf  
Innflutningur og heildsala.  
Bolafótur 15 Njarðvík  
sími.421-3344/ 8481845.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Tröllasögur frá Milan

„Auðvitað verður að bjóða settinu á erlenda grund ef bankinn minn, Landsbankinn, er að opna útibú í einhverju bæjarskuði á Ítalíu. Þótt dýrt sé í kost og lósi. Menn verða kunna sig og gera vel við kunnana, sérstaklega þá sem skulda og menn eru hræddir um að borgi seint og illa. Eins gott að hafa þá í kriknum annars gætu þeir hoppað í annan banka.“



#### Innfluttur þjónar

„Og svo verður alltaf eitthvað af hluthöfunum að fljóta með og starfsliðið að heiman sem sér um þetta allt. Þýðir ekki að bjóða upp á ítalska þjóna, hver skilur þá svo sem? Þeir vilja bara tala ítölsku. Þetta var að visu daldið margt, sumir segja tvö hundruð, aðrir segja sex, þeir hafa bara séð þrefalt eftir matinn, ha!“

#### Betri en ballett

„Svo skil ég ekki uppistandið sem var í þessu Skala þótt einhverjir

gengju út í hlénu á ballettinum. Ekki var Kristján að syngja svo mikið er víst. Var nema von að þeir færu. Sögðu reyndar að þeir hefðu fundið staði með miklu betri dönsurum og hressari – tónum stelpum – bara rétt hjá. Og kostaði ekki eins mikið inn.“



pbb@frettabladid.is

## Randver

Randver Þorláksson hefur til þessa verið fulltrúi okkar í Spaugstofunni. Hann hefur verið eins og Abbott með fjóra Costello á móti sér. Hann hefur verið hið normala element í þessum lífseiga félagsskap; allt á fleygiferð í kringum hann, allt á hvolfi, allir láta eins og vitleysingar en hann horfir á okkur á meðan óumræðilega þögull og kyrr, dálítið þreyttur en líka seipreyttur, dálítið mæddur, dálítið dulur – ekki allur þar sem hann er séður.

Hann er fulltrúi okkar. Randver er fulltrúi hins normala skrifstofumanns sem situr í gamla sjónvarpsstólnum sínum eftir erfiða viku og horfir á Spaugstofuna til að fá útrás fyrir gremju sína gagnvart þeim yfirgengilega delugangi sem íslenskt þjóðlíf getur stundum borið fram á einni viku. Sjálfur getur hann engu breytt, það var ekki hann sem tók ákvarðanir sem þá hafa áhrif á líf hans; hann er alveg varnarlaus og getur ekkert gert annað en að setjast niður á laugardagskvöldum í stólinn sinn og horfa á Spaugstofuna og dást að því hvernig þeim tekst að „taka fyrir“ hitt eða þetta.

Mér hefur alltaf fundist Randver vera fulltrúi þessa manns í þáttunum. Hann hefur verið eins og innbyggður áhorfandinn í þessu spili.

Randver leikur þess vegna aldrei vitleysinga – eins og hinir gera ótæpilega. Hann hefur aldrei leikið brjálaða vísindamanninn, afkáralega rugludalla eða hinn týpíska meðaljón á götunni, ekki stereótýpur. Karakterar hans eru raunverulegir, af holdi og blóði, persónu-



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON  
Í DAG | Spaugstofan

leikar sem maður skynjar jafnvel áhugaverða sögu á bak við, hvort sem það er armæðulegi fréttamaðurinn sem var stundum í þáttunum í gamla daga og allt var alltaf í skralli hjá eða róninn á Arnarhóli.

Hann er alltaf háttvís, alltaf virðulegur og hefur notalega nærveru á skjánum – eða jafnvel kankvíslega svo að maður noti gamalt tuttugustu aldar orð; maður gæti jafnvel hugsað sér að fá rónann sem hann leikur í mat heim til sín.

#### Strákaklíka

Hann er betri í því að klæðast kjólum en gerist og gengur um karlmenn. Karlmenn í kvenmannsfötum hafa af einhverjum dularfullum ástæðum löngum þótt það dreypyndasta af öllu fundnu hér á landi, og látbragðið þá yfirleitt haft ýkt og klúrt og einhver fátkennd taugaveiklun og vandræðaleg stemning svífið yfir vötnum. Þessu breytti Randver. Hann er fyrsti leikarinn sem ég man eftir sem fór að leika konur sem konur. Konurnar sem hann skapar eru svo trúverðugar að þær gætu verið þjónustufulltrúar í banka, þær gætu verið raunverulegar ömmur.

Spaugstofan er strákaklíka.

Því fylgja vissir kostir í listrænni sköpun en líka takmarkanir. Kostirnir eru til dæmis þeir að nokkur ólík heilabú vinna saman sem eitt, og eitthvað er fljótt að smella saman, verkaskiptingin er oft ósögð en verður þeim mun skilvirkari, einfalt að taka ákvarðanir, ekkert röfl; menn eru fljóttir að lesa hvern annan og taka upp þræði hver hjá öðrum; menn vita styrk og veikleika hver annars – og menn styðja hver annan. Hættan er svo hins vegar sú að mönnum hætti til makræðis og gagnkvæmrar ánægju með allt – menn lent í að hætta að gagnrýna hver annan, hætta að sjá nýjar hliðar hver hjá öðrum og menn festist í einhverjum verkum og látbragði sem hópurinn hefur þrýst þeim inn í, þótt ýmislegt fleira búi í viðkomandi. Strákaklíkur eiga sín blómaskeið og sín hnignunarskeið. Við höfum séð þetta allt saman hjá Spaugstofunni – hvernig sleppa í gegn vöndir og smekklæsir brandarar í hópeflinu og líka hvernig menn fara með himinskautum.

Við höfum séð mörg blómaskeið og mörg hnignunarskeið – og aftur blómaskeið. Þátturinn er nú einu sinni búinn að vera á dagskrá síðan um það bil 1918.

En Randver hefur sem sagt verið fulltrúi okkar í Spaugstofunni – og næstum eins og manni finnst að við höfum verið rekin úr hópnum. Hvað sem öllu líður þá hlýtur brotthvarf þessa hægláta og háttvísleika leikara úr Spaugstofunni áreiðanlega að vera blóttaka fyrir hópinn og maður getur gert sér í hugarlund að þetta sé sárt fyrir þá. En þátturinn hefur mikilsverðu hlutverki að gegna í þjóðlífinu og við vonum að þetta slái þá ekki út af laginu.

## Ekki gott hjá Geir

### UMRÆÐAN

Utanríkismál

Ekki hefur farið leynt, að hafin er fundaröð um utanríkismál á vegum ríkisstjórnarinnar og háskólanna í landinu. Ég taldi fyrir mitt leyti að nú væri að hefjast margþöðuð umræða um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu á nýrri öld. Ríkisstjórnin hefur til þessa farið sínu fram – og án samráðs – en við hljótum að bera þá von í brjósti að staðið verði við loford um lýðræðislega umræðu um stefnumótun á sviði utanríkismála.

Af nógu er að taka. Innihaldsríkrar umræðu er meðal annars þörf um samninga á vegum Alþjóðavíðskiptastofnunarinnar, málefni sem snúa að Evrópusambandinu, áherslur okkar á vettvangi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stefnuna í mannréttinda- og umhverfismálum að ógleymdum öryggismálum í breyttum heimi. Ég gekk því fullur eftirvæntingar inn á fyrsta fundinn í margauglýstri fundaröð, í Hátíðarsal Háskóla Íslands, en þar áttu bæði að vera með innlegg, forsætisráðherra og utanríkisráðherra.



ÖGMUNDUR  
JÓNASSON

Sitthvað athyglisvert kom fram í erindum á fundinum og nefni ég þar sérstaklega erindi Bjargar Thorarensen um Öryggisráð SP. Á heildina lítið var það þó einkum hinn stofnanalegi rammur alþjóðastjórnarmála sem var til umfjöllunar á fundinum en ekki hin brennandi álitamál. Eftir erindin gafst færi á að bera fram fyrirspurnir. Ég beindi fyrirspurnum til forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Þegar ég bar fram fyrirspurn mína hafði forsætisráðherra staðið upp og gekk ásamt foruneyti með talsverðum tilþrifum í átt til dyra. Ég vakti athygli hans á að ég óskaði eftir því að heyrna mat hans á breyttum áherslum innan NATO og hvað það gæti þýtt fyrir Íslendinga. Forsætisráðherra sagði að hann myndi án efa eiga eftir að eiga orðastað við mig um þetta á þingi og strunsaði út.

Utanríkisráðherra sat eftir, vék að fyrirspurn minni en svaraði henni ekki. Það var þó skömminni skárna en hjá forsætisráðherra. Hjá Geir var þetta ekki gott. Getur verið að engin alvara sé á bak við fyrirheitin um opna umræðu um utanríkismál?

Höfundur er alþingismaður.

Starfsnám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Starfsnám haustið 2007

## Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Hagnýt verkefnastjórnun



Þetta er nám er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

Helstu kennslugreinar:

- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og markvissrar stjórnunar.
- PRINCE2 aðferðarfræðin sem beitt er til þess að undirbúa, áætla og stjórna fjölbreyttum verkefnum með lágmarks áhættu og hámarks árangri. PRINCE2 skilar árangri frá fyrsta degi.
- Microsoft Project við gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkeftirlit, utanumhald um auðlindir og stjórnun verkefna og verkefnasafna.

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á verkefnastjórnun og skila vel heppnuðum verkefnum, á réttum tíma og innan ramma kostnaðaráætlunar.

Kennari:

Halldór Kristjánsson, verkfræðingur, hefur meira en 20 ára reynslu af verkefnastjórnun fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök.

Lengd: 50 stundir/33 klukkustundir. Kenni á föstud. 9-12. Hefst 21. september. Verð: 89.900 (ath. hægt er að kaupa aðgang að einstökum hlutum námsins)

## Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta námskeið er ætlað þeim fjölmörgu sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að sjá um vef, hönnun hans og stjórnun. Námskeiðið er góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði.

Dagskrá:

- Hönnun og skipulag vefja. Farið er yfir hvernig byggja á upp vef á skipulegan hátt, svo að öll vinna við vefinn verði mun auðveldari.
- Forritun vefja með HTML. HTML er grunnurinn í vefsíðugerð og í þessum hluta námsins er kóðinn á bak við vefsíðuforritin skoðaður.
- Vefsíðugerð með DreamWeaver. Forritið er notað til að breyta texta yfir í HTML forritunarmálið sem notað er á Internetinu. Farið er mjög ítarlega yfir alla eiginleika DreamWeaver og kennt að nota forritið á fjölbreyttan hátt.
- Myndvinnsla og grafík. Kenni er á forritin Flash og Photoshop sem eru í fremstu röð grafískra forrita og notuð af fagfólki um allan heim.
- Notkun tilbúinna JavaScript eininga á vefsíðum. Nemendur er kennt að notfæra sér tilbúna JavaScript einingar til að búa til fellingardínur og fleira.

Innifalinn í þátttökugjaldinu eru ítarleg námsgögn og í flestum tilvikum vísað á sýniseintök af þeim forritum sem notuð eru.

Lengd: 90 stnd./60 klst. Þriðju- og fimmtud. kl. 16:15-19:15. Hefst 19. september. Verð: 99.900 • Allt að 3 ára lán.

## MCSA og MCP netstjórn



### ► Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalinn.

Lengd: 121 st./81 klst. Verð: 159.900

### ► MCSA netstjórnun (Vista, XP og W2003)

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalinn.

Lengd: 243 st./162 klst. Verð: 299.900

### ► Windows XP Professional MCP

Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900

### ► Windows Server 2003 MCP

Náðu tókum á netstjórnun strax (70-290).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900



## Visual C# .NET nám

Hnitmiðað og yfirgripsmikið diplóm nám ætlað þeim sem vilja læra forritun með Visual C# .NET frá Microsoft.

Námið spannar flesta þætti hins vinsæla forritunarmáls C# .NET og er góður grunnur að MCP prófgráðu, frekara námi í forritun eða starfsframa við forritun.

Krafist er góðrar ástundunar í náminu og góðrar þekkingar á hugbúnaði og tölvum til þess að þátttakandinn nái árangri.

Frábær kennari með langa reynslu af forritun og kennslu.

Láttu drauminn rætast, lærðu að forrita.

Lengd: 94 stundir/63 klst.

Verð: 139.900, þægileg greiðslukjör

*Kvöldnám hefst 24. september  
Kenni er mán./mið. kl. 19:30-22:30*

## Skrifstofubraut

Við bjóðum þér þrjár frábærar námsleiðir á skrifstofubraut sem skila þér nauðsynlegri þekkingu til þess að takast á við ný og spennandi verkefni á skrifstofu og í rekstri.

### ► Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kenni er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! \**

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

### ► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

### ► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! \**

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

*Hægt er að velja um kvöld- eða morgunnám á hverri námsleið skrifstofubrautar.*

*\* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitid nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu [www.tv.is](http://www.tv.is) til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG  
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

LEIKKONAN ANNE BANCROFT  
FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931

„Ég er það sem ég er af því ég er ég. Ef þér líkar vel við mig, þá verð ég þakklát fyrir það, en ef þér líkar ekki við mig – hvað get ég þá gert?“

Anne Bancroft lék meðal annars hina eftirmínilegu Mrs. Robinson í myndinni *The Graduate* og var ævinlega ástfangin af eiginmanni sínum Mel Brooks. Hún lést þann 6. júní árið 2005.



ÞETTA GERÐIST 17. SEPTEMBER 1957

## Armstrong reiddist yfirvöldunum

Þennan dag árið 1957 lýsti hinn víðfrægi djasstónlistarmaður Louis Armstrong því reiðilega yfir að hann myndi ekki taka þátt í ferð á vegum ríkisstjórnarinnar til Sovétríkjanna. Armstrong var ævareidur yfir uppákomunni í Little Rock í Arkansas stuttu áður þar sem hópar hvíttra borgara ásamt vopnuðum vörðum meinduðu niú svörtum námsmönnum leið inn í menntaskóla sem einungis var fyrir hvíta námsmenn. Stuttu áður hafði fallið alríkisdómur þar sem kveðið var á um að blökkumenn fengju inngöngu í skólann. Reiði Armstrongs beindist helst að aðgerðaleyzi ríkisstjórnarinnar sem hann taldi að hefði átt að fylgja málinu eftir.



höfðu með ýmsum ráðum reynt að bæta imynd sína í jafnréttismálum gagnvart umheiminum. Ríkisstyrktar ferðir frágra blökkumanna um heiminn voru liður í þeirri herferð.

„Eins og verið er að fara með fólkið mitt í suðrinu þá má ríkisstjórnin fara til helvítis,“ sagði Armstrong. Hann bætti því við að Eisenhower forseti hefði „ekki hugreki“ til að takast á við Orval Faubus, ríkisstjóra Arkansas, sem skipaði vörðum að halda blökkumönnum frá skólunum. „Ástandið er orðið það slæmt að lítaður maður á ekkert föðurland lengur,“ sagði hann við fjölmiðla.

### MERKISATBURÐIR

- 1787 Stjórnarskrá Bandaríkjanna var samþykkt.
- 1939 Sovétríkin réðust inn í Pólland.
- 1978 Leiðtogar Ísraela og Egyptalands hittust í Hvíta húsinu í Washington til að ræða frið milli þjóðanna.
- 1970 Borgarastyrjöld hófst í Jórdaníu.
- 1992 Landsbankinn tók eignir Sambands Íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir.
- 1998 Ný brú á Gígjukvísl á Skeiðarársandi var formlega tekin í notkun.
- 2001 José Carreras var vel fagnað í Laugardalshöll þar sem hann söng fyrir fullu húsi.

# tímamót

timmot@frettabladid.is



## 66°N í útrás til Danmerkur

Um helgina opnaði glæsileg verslun 66°North í Ravensborg Tværgade 3B í Kaupmannahöfn. Verslunin er sú fyrsta sem opnar á danski grundu undir vörumerki 66°North.

Í tilefni af þessum merku tímamótum 66°North hjá frændum okkar Dönum var efnt til opunarveislu í nýju búðinni þar sem mikið var um dýrdir.

Helstu forkölfum íslensku útrásarinnar í Danmörku var boðið til fagnaðarins, auk merkra framámanna úr dönsku og íslensku þjóðlífi.



## Framtíðarorka

Vistvænar lausnir og orkugjafar framtíðarinnar eru aðal efni ráðstefnunnar Driving Sustainability sem hefst í dag á Hilton Reykjavík Nordica við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Þar munu sérfræðingar frá Íslandi, Bandaríkjunum, Sviss, Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð fjalla um möguleika á innleiðingu etanóls, metans, vetnis, tvinntækni og rafmagns í samgöngum.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mun opna ráðstefnuna og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra talar um hvernig við getum dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Hún varpar fram spurningunni um hvernig Ísland geti orðið forystuþjóð í vistvænni orkunotkun. Árni Mathiesen fjármálaráðherra er á svipuðum nótum í sínu erindi sem hann nefnir Á að auka hlut vistvænna bíla og orkugjafa í samgöngum. Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri bætir um betur og fjallar um Reykjavík, höfuðborg hreinnar orku í norðri.

- gun



RÆÐUSNILLINGUR Sigrún gekk upphaflega til liðs við ITC-samtökin til að fá meiri styrk í röddina og læra að hækka málróminn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR: SIGRÆÐI Í RÆÐUKEPPNI Í ÁSTRALÍU

## Músin sem enginn hlustaði á

Sigrún Guðmundsdóttir, heilbrigðisfulltrúi á Selfossi, hefur starfað með ITC-samtökunum í níu ár. Áður hétu samtökin Málfræðingur og eru nú hluti af stærri samtökum sem kallast Powertalk International.

Samtök þessi snúast fyrst og fremst um sjálfsnám og -styrkingu, til dæmis með þjálfun í ræðumennsku, stjórnun, fundarsköpum og mannlegum samskiptum.

Heimspjng Powertalk International var haldið í Brisbane í Ástralíu 21.-25. júlí og tveir Íslendingar tóku þátt í því. Meðal atvika á dagskrá þingsins var „Cosmopolitan Speechcontest“, en það er ræðukeppni fyrir þá sem ekki hafa ensku að móðurmáli og fer keppnin fram á ensku. Sigrún bar sigur úr bítum í þessari keppni og segir hún, að hætti feðurárdrottninga, að þessu hefði hún aldrei átt von á.

„Þegar ég skræði mig fyrst í ITC var

markmið mitt ákaflega lítið og hógvært, vegna þess að í grunninn er ég enginn ræðusnillingur og lítið mælsk. Mig langaði einfaldlega að læra að beita röddinni þannig að fólk tæki eftir því sem ég væri að segja. Mér fannst enginn heyra þegar ég talaði og fyrir vikið upplíði ég mig sem litla mús úti í horni sem enginn heyrði í,“ segir Sigrún og bætir því við að þegar hún náði þessu markmiði hafi henni orðið ljóst að innra með henni bjó máttur til að takast á við meira en hún hafði gert sér grein fyrir.

„Við það byrjaði ég að setja markmiðin hærra. Fyrir fáum árum hefði mér aldrei dottið í hug að ég ætti eftir að vinna svona keppni, en þegar maður er orðinn nokkuð öruggur á sínu eigin tungumáli þá er það alveg ný áskorun að halda ræðu á öðru svo ég lét á það reyna.“

Ræðan sem Sigrún flutti á heims-

þinginu í Ástralíu fjallaði um nútímann og að lifa lífinu á lífandi stundu. „Ég byggði þessa ræðu á annarri eldri sem var skrifuð á íslensku og bar yfirskriftina Undarlegt hvað öllum er annt um kvikindið, og með því vísaði ég í lagið Nútíminn er trunta með Íslenska þursaflokknum, en það voru upphafsorð gömlu ræðunnar,“ segir Sigrún og bendir á að hún hafi þurft að breyta ræðunni heimilíki til að textinn gengi upp á ensku.

„Það hefði komið mjög undarlega út að þýða þessi orð beint yfir á ensku. Trunta hefði kannski útlagst sem „bitch“ og slíkt hefði breyst í fremur smekklausan dónaskap. Í staðinn breytti ég ræðunni þannig að útgangspunktur hennar varð Lifðu lífinu í dag því á morgun gæti það verið of seint,“ segir hún og ljóst er að orðin hafa fallið í kramið því Sigrún stóð uppi sem sigurvegari keppinnar.

magret@frettabladid.is

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhraun 10 Hafnarfjörð


Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

## Geymir svar við langflestu

Stóra myndaorðabókin er nýlega komin út hjá Máli og menningu. Hún er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Bókin birtir myndir af nánast öllu milli himins og jarðar, allt frá smæstu líffærum augans til einstakra hluta þotuhreyfils og frá mismunandi kryddtegundum til skíðastökkpalla. Hverri mynd fylgir íslenskt orð yfir viðkomandi fyrirbæri og hluta þess og einnig heiti

þeirra á fjórum öðrum tungumálum: ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Segja má að Stóra myndaorðabókin geymi svar við nánast hverju sem er. Hvort sem menn vilja vita hvað mismunandi hlutar rafmagnsmasturs heita, hvað farsími kallast á þýsku eða hvernig ætíðistill lítur út. Stóra myndaorðabókin er mikil bók að vöxtum, heilar 1.084 síður.







**Apple** ákvað að lækka verð á iPhone um 200 dollara í síðustu viku. Urðu sumir reiðir sem höfðu keypt símann skömmu áður og bætti Steve Jobs þeim það upp með því að bjóða þeim 100 dala inneignarnótu.

**Rock Band** er nýr tölvuleikur sem kemur í lok ársins fyrir Xbox 360 og PlayStation 3. Hann kemur í kjölfar leiksins Guitar Hero sem hefur slegið í gegn.



**iPhone** sími Apple hefur selst í einni milljón eintaka í Bandaríkjunum frá því að hann fór í sölu fyrir 74 dögum. Búist er við að síminn muni einnig slá í gegn í Evrópu og á Íslandi, þegar hann berst hingað.

allt



## STIGAR

Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar

Erum einnig með glugga og hurðir Hagstæð verð og fljót afgreiðsla

Mex - byggingavörur  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)

Ánægðir viðskiptavinir .....



## Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar







Aukin ökuréttindi  
byrja 19. september

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300



Guðmundur Vignir hefur komið víða við og auk þess að vera raftónlistarmaðurinn Kippi Kaninus er hann með BA-próf í guðfræði, 5. stig í söng og MA gráðu í hljóð- og myndlist sem hann nam í Hollandi.

# Kippi og töfrataekinn

*Raftónlistarmaðurinn Kippi Kaninus, öðru nafni Guðmundur Vignir Karlsson, á tvö upphaldsforrit þegar kemur að tónlistarsköpun.*

Vignir, eins og hann er oftast kallaður, hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum tengdum tónlist og myndlist. Hann hefur verið með í fjölda samsýninga í Hollandi, sýnt á tvíæringi í Cararra á Ítalíu, séð um unglistarþátt kirkjulistarhátíðar, verið í innsetningargjörningi Rúríar í tengslum við sömu hátíð, sungið með ýmsum kórum, Björk og Sigur Rós og gefið út diska sem Kippi Kaninus.

Þegar hann semur raftónlist notar hann mikið tvö forrit. „Renoise er hugbúnaður sem byggist á tracker-forritunum. Tracker-forrit er nútímaútgáfa af gömlum forritum sem voru upphaflega gerð fyrir Amiga-tölvur sem voru vinsælar á níunda og tíunda áratugnum. Þannig að þetta byggir á tuttugu ára gamalli hefð sem er langur tími í tölvubransanum. Það er mjög óflugt forrit til að klippa og þess háttar,“ segir Vignir.

Ólíkt helstu hugbúnaðarrisunum þá vinnur þróunarteymi Renoise náð með notendum hugbúnaðarins á netinu og fá þeir þannig hugmyndir að nýjungum og lagfæringum. Hitt forritið sem Vignir heldur upp á er Ableton Live.

„Það er ferskt og skemmtilegt forrit að vinna í og auðvelt að nota í spuna. Það er auðvelt að henda inn hugmyndum, byrja á einhverju litlu og láta síðan vaxa utan á það. Þá getur maður sett inn hljóð og látið forritið spinna í kringum þau. Það er því hægt að vera mjög hvatvís.“

Ableton Live er hannað til þess að geta í senn verið hljóðfæri fyrir lifandi flutning sem og verkfæri til að útsetja og vinna tónlist með. Með þessum forritum getur Vignir unnið nánast alla sína tónlist heima við.

„Ég nota aðallega tölvuna þegar ég sem tónlist en svo nota ég líka ýmiss konar hljóðfæri, hljóðgjafa og „sample“. Ég hef gefið út fjóra diska og þeir hafa allir verið unnir heima.“

Hægt er að benda áhugasömum á heimasíðu Kippa Kaninus, <http://kippikaninus.com>, en þar má finna fjölda mörg lög eftir hann.

www.honda.is
HONDA

# HONDA MÓTORRHJÓL

Á FRÁBÆRU VERÐI, TIL AFGREIÐSLU STRAX



CBR 1000RR Fireblade  
TILBOÐSVERÐ KR. 1.299.000



CBF 1000F ABS  
TILBOÐSVERÐ KR. 1.090.000



CB 600 F Hornet  
TILBOÐSVERÐ KR. 920.000



VTX 1300 R  
TILBOÐSVERÐ KR. 1.180.000



VTX 1800 F  
TILBOÐSVERÐ KR. 1.487.000







Vatnagörorum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)




**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**ÞÚ GRÆÐIR EKKERT**  
Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR



Nokia 6120 (3G)  
**kr. 29.990**

Farsímalagerinn.is



Skarphéðinn segir ýmsar gerðir hússtjórnarkerfa í boði. Möguleikarnir séu nánast óendanlegir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hússtjórnarkerfi vinsæl

Sífelld fleiri fá sér svokölluð hússtjórnarkerfi sem notuð eru til að stýra rafbúnaði húsa með einföldum hætti. Að sögn Skarphéðins Smith, framkvæmdastjóra S. Guðjónsson, er það einkum krafan um aukin þægindi sem ræður ferð.

„Fyrir fimm árum mátti telja á fingrum annarrar handar uppsetningar á hússtjórnarkerfum í einkahúsum,“ segir Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson, sem selur slík kerfi í gegnum verslun sína Prodomo. „Nú er þetta orðið daglegt brauð, sem ræðst af því að fólk hefur meira á milli handanna og leggur meira í húsin sín til að

auka þægindin. Það gerir sér líka betur grein fyrir að kerfin auka verð- og notagildi húsa.“

Til marks um þetta bendir Skarphéðinn á að sumir byggingarverktakar geri ráð fyrir hússtjórnarkerfum í öllum húsum sem þeir byggja eða bjóði kaupendum í það minnsta upp á uppsetningu þeirra. Ástæðuna segir hann vera þá að gera þurfi ráð fyrir svona kerfum strax í upphafi, þar sem þau séu ekki sett upp eftir á.

„Það er þó ekkert mál að leggja svona kerfi,“ segir hann. „Forritunarvinna er það sem komið er umfram hefðbundna vinnu. Í hana þarf töluverða kunnáttu og við höfum fagmenn á okkar snærum sem sjá um það. Það er eini munurinn vinnulega séð.“

Ekki nóg með að kerfin séu auðveld í uppsetningu heldur eru þau tiltölulega einföld í notkun þar sem stöðugt er unnið að því að gera þau notendavænni að sögn Skarphéðins.

MAGN**  
RÁÐGREIÐSLUR TIL  
ALLT AÐ 48 MÁN

# ENNN MEIRI LÆKKUN

NÝJA ACER SANTA ROSA FARTÖLVAN Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI




**Intel Core 2 Duo**  
Nýjasti og mjög öflugur Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!



**CRYSTAL BRITE**  
Einn besti ferðatölvu-skjárninn í dag, ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 8ms hraða



**256MB 8600GT**  
Nýjasta og öflugasta skjákortíð í dag með 256MB sjálfstætt minni og 1.0GB Turbo Cache



**CRYSTAL EYE**  
Innbyggð 0.3MP Crystal Eye myndavél í skjá með Acer PrismaLite tækni sem skilar meiri myndgæðum



**VISTA PREMIUM**  
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar



**300Mbps DRAFT-N**  
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz 4MB örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite 8ms skjár
- 256MB GeForce 8600GT skjákort með HDMI
- 2.1 Dolby Home Theatre hljóðkerfi með bassaboxi
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth 2.0
- Innbyggð 0.3MP Crystal Eye myndavél
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**

VE48

**3.785**

VE lán í 48 mánuði



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Virka daga

10:00 - 18:30

Laugardaga

11:00 - 16:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldarbréfi með hagstæðum vörum, stimpil og lánökungjaldi inniföldu. \*Birt með fyrirvara um breytingar og villur

# Karlkyns trommari í Amiinu

Kvennakvartettinn Amiina hefur fengið til liðs við sig trommarann Magnús Trygvason Eliassen til að aðstoða sig á væntanlegri tónleikaferð um Evrópu.



AMIINA Kvennasveitinni Amiinu hefur bæst óvæntur liðsauki.

„Þetta er alveg kvennahljóm-sveit, þetta er ekki það mikil stefnubreyting. Við erum ennþá bara fjórar. Hann er rétt aðeins að hjálpa okkur,“ segir María Huld Markan, liðskona Amiinu, um nýja liðsmanninn. „Við plötudum hann til að vera með okkur því okkur hefur lengi langað til að hafa trommara með okkur. Við tókum þá skyndiákvörðun um að hafa einhvern og hann var laus.“

Magínús Trygvason hefur nýlok-  
ið tónlistarnámi við FÍH auk þess sem hann hefur leikið í nokkrum djasssveitum. Kemur hann því

ágætlega undirbúinn í verkefnið. „Við eigum fullt í fangi með að geta spilað allt sjálfar því lögin eru þannig gerð. Okkur hefur oft vantað aukahendur og hljóðfæri. Í rauninni gefur þetta okkur aukíð frelsi til að leika okkur meira.“

Amiina þurfti nýverið að hætta við tónleikaferð sína um Bandaríkin vegna veikinda og annarra vandráða. „Það eru allir búnir að ná heilsu. Við ákváðum fyrst við fengum óvæntan aukatíma að æfa „showið“ og breyta því. Við erum að leika okkur að gera nýja og spennandi hluti og verðum vonandi í fullu fjöri í Evrópu í október,“ segir María.

www.SAMbio.is t 575 8900 midi.is

Stemmtilegustu vinurinn í heild eru máttan.

Allir eiga sín leyndarmál.  
**MR. BROOKS**  
Óvæntasti sálfræðiryllir ársins.

Erðu að fara að gifta þig?  
Þá viltu alls ekki lenda í honum!!!  
**bratz**  
Mynd í anda Clueless og Mean Girls.

Langmest sótt myndin á Íslandi í dag  
**ASTRÓPIA**

ALFABAKKA				AKUREYRI			
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16		BRATZ THE MOVIE	kl. 6	L	
MR. BROOKS VIP	kl. 8 - 10:30			VACANCY	kl. 8-10	12	
BRATZ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L		ASTRÓPIA	kl. 6 - 10	L	
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12		VEDRAMÓT	kl. 8	14	
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14		KEFLAVÍK			
ASTRÓPIA	kl. 6 - 8 - 10:10	L		BRATZ THE MOVIE	kl. 8	L	
ASTRÓPIA VIP	kl. 6			KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12	
RATATOUILLE M/ISL.TAL	kl. 5:30	L		DISTURBIA	kl. 10:10	12	
KRINGLUNNI				SELFOSSI			
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16		MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16	
BRATZ	kl. 5:30 - 8	L		LICENSE TO WED	kl. 8	7	
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8	7		BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10	14	
ASTRÓPIA	kl. 6	L					
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14					
TRANSFORMERS	kl. 10:30	DIGITAL	10				

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Frá leikstjóra „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“  
EIN ÓVÆNTASTA GRINMYND ÁRSINS

**HAIRSPRAY**

STÆRSTI SÖNGLEIKUR ALLRA TÍMA

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HAIRSPRAY	kl. 5.30, 8 og 10.30	L
KNOCKED UP	kl. 6 og 9	14
DISTURBIA	kl. 5.45 og 10.20	14
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 8	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!

EF ÞEIM TÆKST EKKI AÐ SLEPPA ÞÁ VERÐA ÞAU FÖRNARLÖMB Í "SNUFF" MYND.

**VACANCY**  
ÓHUGNANLEGASTI SPENNUTRYLLIR ÁRSINS!

EIN ÓVÆNTASTA GRINMYND ÁRSINS

**KNOCKED UP**  
-VJV, Topp5.is -S.G. Rás 2 -S.V. MBL

**VEDRAMÓT**  
-T.S.K., BLAÐIÐ

**ASTRÓPIA**

**BOURNE ULTIMATUM**

**SICKO**  
með íslenskum texta  
græna ljósið

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8 - 10.30		SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS	
HAIRSPRAY LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30		KL. 8 Sicko	
VACANCY	kl. 8 - 10	16	KL. 10.30 Sicko	
VEDRAMÓT	kl. 5.40 - 8	14	VACANCY	kl. 6 - 8 - 10
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.40	14	VEDRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 4 - 6		BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 6
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT.TAL	kl. 3.45		THE SIMPSONS MOVIE ENSKT.TAL	kl. 6 - 8 - 10
THE SIMPSONS MOVIE ISL.TAL	kl. 3.45			
RUSH HOUR	kl. 5.50 - 10.20	12		

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000 450 kr. í bíó!

REGNBÖGINN SÍMI 462 3500

HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8 - 10.30		HAIRSPRAY	kl. 5.50 - 8 - 10.20
VEDRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14	KNOCKED UP	kl. 8 - 10.20
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 6		BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 5.50
ASTRÓPIA	kl. 6 - 8 - 10.10			
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10.30	14		

# Hrein og tær skemmtun

Tónleikarnir tvennu sem Franz Ferdinand hélt hér á landi voru merkilegir fyrir margar sakir. Í fyrsta lagi var hreint ótrúlegt að verða vitni að tónleikum sveitarinnar á jafnlitlum stöðum og Nasa og Organ. Ég sá sveitina einmitt síðast spila á stóra sviðinu á Hróarskeldu í fyrra. Vissulega öðruvísi upplifun. Í annan stað er Franz Ferdinand á vissum tímamótum. Þriðja plata hljómsveitarinnar er í smíðum og mun væntanlega úrskurða margt um framtíð sveitarinnar.



Mörg ný lög fengu líka að hljóma, nærri því annað hvert lag var þannig nýtt af nálinni. Fint efni hér á ferð. Sérstaklega þegar maður heyrði þau í annað skiptið á Organ. Margir farsælir slagar greinilega í mótun.

Það vantaði heldur ekki gleðina hjá meðlimum Franz Ferdinand. Ég hef séð þá spila nokkrum

sinnum áður en aldrei hef ég séð aðra eins útgeislun hjá þeim. Og auðvitað smitar þannig stemning út frá sér. Áhorfendur á bæði Nasa og Organ hoppuðu og skoppuðu, trölluðu og sungu, og brostu frá sér allt vit. Svona á þetta líka að vera.

Þrátt fyrir öll þessu nýju lög þá á Franz Ferdinand einfaldlega svo mikið af slögurum að áhorfendurnir þekktu mikinn meirihluta laganna. Eins og gefur að skilja var stemningin líka mest og best þegar þessi gömlu göðu tóku að hljóma og allir kyrjuðu með.

Það er kannski pínulítið erfitt að kryfja þessa tvenna tónleika mjög náð. Hins vegar er algjörlega afdráttarlaust að skemmt-

## TÓNLEIKAR

**Franz Ferdinand**

Nasa og Organ

helgina 14.-15. september

★★★★★

Tónleikar Franz Ferdinand voru í hæsta gæðaflokki og leikgleði þeirra smitaði vel út frá sér.

unin sem slík var í hæsta gæðaflokki. Sérstaklega voru tónleikarnir á Organ gleðilegir. Sveittur en glaður labbaði maður síðan út í nóttina, raulandi með sér alls kyns gleðioma.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

# Þriggja vikna Bretlandstúr

Hljómsveitin Ourlives er farin í þriggja vikna tónleikaferðalag um Bretland. Þetta er fimmta ferð sveitarinnar um Bretland og önnur á þessu ári.

„Þetta hefur gengið vel hjá okkur. Við fengum umboðssamning þarna úti og núna er bara að fylgja því eftir,“ segir bassaleikarinn Jón Björn Árnason. „Það er oftast þannig með lítil bönd að þau þurfa að vinna sig upp og við erum að spila sem mest til að geta spilað á stærri stöðum.“

Ásamt því að spila á fjölda tónleika ætla sveitin að taka upp tvö myndbönd og hefja upptökur á nýjum lögum.

Smáskífulagið Sandra kom út í Bretlandi á dögnum hjá útgáfufyrirtækinu ORG og hefur það fengið góðar viðtökur. Bruce Dickinson, söngvari Iron Maiden, spilaði lagið og kynnti hljómsveitina í þætti sínum á BBC auk þess sem sjónvarpsstöðin MTV-Latin America byrjar að sýna myndband við lagið í október. Fyrsta plata Ourlives er jafnframt í undirbúningi og kemur hún líklega út í Bretlandi undir lok ársins og hér á landi snemma á því næsta.

Ourlives spila á Iceland Airwaves í næsta mánuði auk þess sem tónleikaferð um Ísland er fyrirhuguð síðar á þessu ári. „Við ætlum að spila á þessum



OURLIVES Hljómsveitin Ourlives er farin í þriggja vikna tónleikaferð um Bretland.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÖKULL

stöðum sem er ekki farið á vanalega. Við viljum sýna landinu að það er meira að gerast heldur en Magni,“ segir Jón Björn.

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landbankinn

\* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námutorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

# KALDIR DAGAR

**15-20%  
AFSLÁTTUR  
AF KÆLI- OG  
FRYSTISKÁPUM**

## B-SKÁPAR

Lítið eða ekkert  
útlitsgallaðir skápar  
og sýningareintök

**SELDIR  
MEÐ ALLT AÐ  
50%  
AFSLÆTTI**



# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**DAGANA  
13.-22. SEPT.**

[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

**UMBOÐSMENN  
UM LAND ALLT**

# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800  
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900  
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535  
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333  
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751  
ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000  
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038  
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900  
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477  
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160  
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515





erum og verðum

# ALLT AÐ ÖDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3



- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 19" Acer widescreen 5ms

**119.950**

## AMD TÖLVUPAKKI 1



- AMD X2 DualCore 4200+
- 1GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 6100
- 19" Acer widescreen 5ms

**79.950**

## ACER ASPIRE 5633WLM1



- 1.66GHz Intel Core 2 Duo
- 2GB Dual DDR2 533MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- Intel GMA950 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

**89.950**

## ACER ASPIRE 7520G - 30



- 1.8Ghz AMD Turion64 X2
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

**99.950**

### SAMSUNG DVD SKRIFARI



- Traust og vandað merki
- Styður Dual layer
- 20 +/- DVD skrifhraði
- 48x CD skrifhraði
- Hugbúnaður fylgir

**3.450**

### TURNUPPFÆRSLA 3



- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

**69.950**

### CANON IP4300



Canon iP4300 er 4 hylkja ljósmyndaprentari með 9600 x 1200 dpi upplausn ChromaLife tækni

**9.450**

### CANONSCAN LIDE 70



Canon CanoScan Lide 70 er örþunnur A4 skanni með 2400x4800dpi upplausn USB 2.0 tengi

**9.950**

### DIVICO TVIX M-3100



DViCO TVIX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp

**15.750**

### AC-DIAMONDS TURN



Góður miðturn með hljóðlátum 500watt aflgjafa, USB og hljóðtengi framan á kassa

**6.950**

### WD MYBOOK 500GB



Glæsilegur utánaliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunar.

**16.950**

### MSI MP3 SPILARI



MSI P200 1GB MP3 spilari og FM útvarp. Getur tekið upp tal, innbyggður hljóðnemi

**7.950**

### 5.1 HÁTALARAKERFI



Öflugt X-530 hátalakerfi frá Logitech, 5 öflugir hátalarar + rísa bassi, 70w RMS

**9.750**

### 515 HEYRNARTÓL



Öflug Sennheiser HD-515 heyrnartól, frábær hljómur, frábært verð

**7.750**

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þetta er mynd af myndum. Inndráttur og myndir.

**Fylkir 1-1 Fram**

Fylkisvöllur, áhorf.: 943. Egill Már Markússon (7)

0-1 Jónas Grani Garðarsson (39.)  
1-1 Christian Christiansen (88.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17-8 (10-6)
Varin skot	Fjalur 4 - Hannes Þór 9
Horn	8-6
Aukaspjrnur fengnar	11-11
Rangstöður	1-2

FYLKIR 4-4-2	FRAM 4-5-1	
Fjalur Þorgeirsson	6	
Andrés Jóhannes	6	
David Hannah	6	
Kristján Valdimars	5	
Viðir Leifsson	6	
Hermann Aðalgeirs	5	
(60., Christiansen)	6	
Halldór Hilmisson	5	
(79., Kjartan Breiðd.)	5	
Ólafur Ingi Stígsson	4	
(45., Guðni Rúnar)	6	
Peter Gravesen	5	
Albert Ingason	4	
Páll Einarsson	5	
	*Hannes Halldórs. 7	
	Ingvar Ólason 6	
	Reynir Leósson 6	
	Kristján Hauksson 6	
	Daði Guðmundsson 5	
	Hans Mathiesen 4	
	Alexander Steen 6	
	Patrick Redo 5	
	(90., Óðinn Árnason)	5
	Henrik Eggerts	5
	(77., Ivar Björnsson)	5
	Theodor Óskarsson	5
	(87., Hjálmar Þórarinn)	5
	Jónas Grani Garðars.	7

\*Maður leiksins

## N1-deild karla

ÍBV-Fram	29-32
----------	-------

## N1-deild kvenna

FH-Stjarnan	13-39
-------------	-------

Fylkir nældi í stig undir lokin gegn Fram í Árbænum í gær:

## Fram missti af dýrmætum stigum

**FÓTBOLTI** Fylkir og Fram skildu jöfn, 1-1, í miklum baráttuleik í Árbænum í gær. Fram missti þar með af dýrmætum stigum og er jafnt að stigum við KR og Víking á botni deildarinnar.

Fylkismenn byrjuðu leikinn betur og sóttu nokkuð stíft fyrsta hálf tímamann, án þess þó að koma boltanum fram hjá Hannesi Þór Halldórssyni, sem átti góðan dag í marki Fram.

Framarar beittu öflugum skyndisóknnum og það var einmitt eftir eina slíka sem Fram tók forystu í leiknum undir lok fyrri hálfleiks. Alexander Steen braust upp kantinn og sendi hnitmiðaða sendingu á kollinn á Jónasi Grana Garðarssyni, sem hafði laumað sér á bak við varnarmann Fylkis og átti ekki í miklum erfiðleikum með að skalla boltann í netið fram hjá Fjalari í marki Fylkis.

Í seinni hálfleik var sama uppi á teningnum, Fylkismenn sóttu en Framarar vörðust og beittu skyndisóknnum. Allt leit út fyrir að Framarar næðu að krækja í mikilvæg stig í botnbaráttunni, þar til varamaðurinn Christian Christiansen náði að skora fyrir Fylki á lokamínútunum, eftir mikið klafs og vandræðagang í teig Framara.



**EINBEITING** Patrick Redo Framari sækir hér að David Hannah, varnarmanni Fylkis, í Árbænum í gær.

Lokastaðan því 1-1 og Framarar að vonum súrir eftir að hafa haldið marki sínu hreinu í 87 mínútur.

„Við erum auðvitað svekktir eftir að hafa verið yfir stóran hluta af leiknum, en auðvitað má segja að Fylkismenn hafi sótt stíft að okkur og markmaður okkar þurfti oft að grípa inn í. Jafntefli var kannski sanngjörn niðurstaða,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram. Fylkismenn sóttu

nokkuð stíft í leiknum en urðu að sætta sig við jafntefli.

„Auðvitað er ég sáttur með öll stig, en ég er ekki sáttur með bara eitt stig úr þessum leik. Við sváfum á verðinum þegar þeir skorðu, en við þurfum að nýta færin betur og vinna svona leiki ef við ætlum okkur einhverja stærri hluti,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis.

- óþ

## Langþráður sigur hjá KR

KR vann sinn þriðja sigur í sumar í gær er HK kom í heimsókn. Þetta var fyrsti sigur KR á heimavelli síðan 28. júní. KR er enn á botninum þrátt fyrir sigurinn.

**FÓTBOLTI** Það var þungu fargi létt af KR-ingum í gær er liðið náði að leggja HK að velli, 3-2, í Vesturbænum. KR mátti alls ekki mistíga sig gegn HK í gær enda er liðið enn á botni deildarinnar þrátt fyrir að hafa fengið þrjú stig.

Grétar Ólafur Hjartarson var kominn í fremstu víglínu í gær og hann þakkaði fyrir með því að skora gott mark á 17. mínútu en Grétar var mjög líflægur, sérstaklega framan af. KR-ingar voru enn að fagna þegar Hörður Már Magnússon jafnaði leikinn með bylmingskoti, sláin inn. Glæsilegt mark.

Sigmundur Kristjánsson kom KR yfir rétt fyrir hlé þegar hann fékk boltann eftir skelfileg mistök í vörn HK. KR hefði átt að klára leikinn í fyrri hálfleik en Pétur Marteinsson fékk meðal annars tvö dauðafæri en var einstakur klaufi í bæði skiptin.

KR-ingar bökkðu fullmikið í síðari hálfleik en HK gekk þrátt fyrir það ekkert að brjóta niður KR-vörninna. Björgólfur kom KR í 3-1 með góðu einstaklingsframtaki en annars var fátt um fína drætti í sóknarleik KR. Jón Þorgrímur minnkaði muninn í upp-bótartíma en lengra komst HK ekki.

„Það var kærkomið að skora. Þetta var mark númer 60 hjá mér í deildinni og það lét bíða eftir sér,“ sagði brosmildur Grétar Ólafur eftir leik en hann var ánægður með að fá tækifæri í fremstu víglínu. „Ég er framherji og þarna kann ég best við mig. Það var léttir fyrir mig að skora sem og fyrir liðið að vinna. Ég hefði ekki boðið í það ef við hefðum misst leikinn í jafntefli. Annars er fín stemning í hópnum og það er létt yfir þessu hjá Loga. Við erum



**SIJALDSÉÐUR FÖGNUMUR** Leikmenn og stuðningsmenn KR hafa ekki getað fagnað mikið í sumar en nutu augnablikins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

enn að hlæja að bröndurunum hans.“

Það var enginn uppgjafartónn í Gunnari Guðmundssyni, þjálfara HK. „Við lögðum upp með að spila sterkan varnarleik og það var of mikið að fá tvö mörk á okkur í fyrri hálfleik. Strákarnir gáfust samt aldrei upp og ég var sáttur við það. Við erum ekki búnir að gefast upp og ætlum að halda sæti okkar í deildinni.“

henry@frettabladid.is

Einn leikur í ensku úrvalsdeildinni í gær:

## Man. City vann Villa

**FÓTBOLTI** Manchester City kom sér upp í annað sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 1-0 sigri á Aston Villa í gær. Michael Johnson skoraði eina mark leiksins og var það glæsilegt. Hann fór í gegnum vörn Aston Villa af miklum krafti og skilaði boltanum í netið með laglegu skoti.

Leikurinn var annars bragðdaufur en Aston Villa stjórnaði leiknum eftir markið en tókst ekki að jafna.

„Það er langt síðan við unnum síðast og menn hafa velt því fyrir sér hversu góðir við erum,“ sagði Sven-Göran Eriksson, stjóri City. „Þeir hafa svarið nú.“

- esá

## ÚRSLIT LEIKJA

### Spænska úrvalsdeildin

Osasuna-Barcelona 0-0  
Eiður Smári Guðjohnsen var á bekknum hjá B.

### Ítalska úrvalsdeildin

Reggina-AS Roma 0-2  
Emil Hallfreðsson lék fyrstu 62 mín. hjá Reggina.

### Norska úrvalsdeildin

Odd Grenland-Stabæk 1-5  
Veigar Páll Gunnarsson skoraði þrennu fyrir St. Sandefjord-Vålerenga 1-3  
Guðmundur Pétursson kom inn á sem varamaður fyrir Sandefjord. Árni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Vålerenga en Gunnar Heiðar Þorvaldsson fyrstu 63 mínúturnar.  
Lyn-Viking 2-3  
Indriði Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Lyn og Hannes Þ. Sigurðsson fyrri hálfleikinn fyrir Vík. Fredrikstad-Brann 0-4  
Garðar Jóhannsson var í byrjunarliði Fredrikstad og Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Ármann Björnsson allir í byrjunarliði Brann.

### Sænska úrvalsdeildin

Helsingborg-Brommapojkarna 1-1  
Ólafur Ingi Skúlason lék allan leikinn fyrir Hels. Kalmar-GAIS 2-2  
Eyjólfur Héðinsson lék allan leikinn fyrir GAIS.

### Danska úrvalsdeildin

Randers-AGF 0-1  
Kári Árnason lék allan leikinn fyrir AGF.  
AaB-Brøndby 3-0  
Stefán Gíslason lék allan leikinn fyrir Brøndby.

**VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK**

**Miele ryksugur – litlar og liprar.**

**Miele**

## Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fánlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.:  
**15.990**

www.eirvik.is

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

KR 4-3-3	HK 5-4-1
Stefán Logi Magn.	7
Sigþór Júlíusson	6
Gunnlaugur Jónsson	7
Pétur Marteinsson	4
Guðm. Gunnarsson	5
Ágúst Þór Gylfason	5
(87., Kristinn Magn.)	6
Rúnar Kristinsson	6
(64., Björgólfur T.)	6
Jóhann Þórhallsson	6
Sigmundur Kristjánss.	6
(81., Óskar Örn)	6
*Grétar Hjartars.	7
Gunnleifur Gunnl.	6
Stefán Eggertsson	4
Jóhann Björnsson	5
Ásgrímur Albertsson	6
Finnbogi Llorens	6
Hermann Þórisson	6
(75., Kristján Ari)	6
Almir Cosic	6
(84., Ólafur Júlíus)	6
Brynjar Viðisson	4
Hörður M. Magnús.	6
(62., Jón Þorgrímur)	5
Calum Þór Bett	5
Oliver Jaeger	6

\*Maður leiksins

# BT

## HAPPY HOUR

### TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í 1 KLUKKUSTUND

### NÆLDU ÞÉR Í ÖFURTILBOÐ AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!



HAPPY HOUR  
14:00-15:00

## Kodak

Kodak V803  
Svört eða Silfur  
8 milljón pixla  
3 x optískur aðdráttur  
36-108mm (35mm)  
Stafræn hristivörn  
2,5" skjár  
Ljósæmni ISO 80-1600  
512mb minniskort fylgir

19.999  
~~29.999~~



FUJITSU COMPUTERS  
SIEMENS

BAT:DKM-P7SUM5-001  
FSC SCALEO AMD 1150  
AMD Sempron 3400+ AM2  
ATI Radeon X1150 skjákort  
160GB SATA2 Harður diskur  
512MB DDR2 Vinnsluminni 667  
DVD skrifari  
Lyklaborð og mús

Windows Vista Basic  
Microsoft Works 8.0  
Nero 7 Essentials  
Norman Virus Control (3 ár)  
2gj ára ábyrgð

HAPPY HOUR  
14:00-15:00

29.999  
~~49.999~~



HAPPY HOUR  
16:00-17:00

### Váááá VERDLÆKKUN!

## SONY

DAVDZ20  
SONY HEIMABIÓ DZ20  
400W kraftmikið kerfi  
S-Master stafrænn magnari  
Fjólkerfa spilari  
Útvarp FM/AM  
Spilar Divx og skrifaða diska

19.999  
~~39.999~~



HAPPY HOUR  
16:00-17:00

### Takmarkað MAGN

## NOKIA

GSM NOKIA 1112  
Biðtími allt að 380 klst.  
Skjálitir Tvítóna  
Skjástærð 96 x 68 dilar  
Stærð (HxLxB) 104 x 44 x 17mm  
Taltími allt að 5 klst.  
Tíðnir 900/1800 mhz  
Þyngd 80 gr.

3.499  
~~5.999~~



HAPPY HOUR  
16:00-17:00

BAT:NOM1-NSUM7-LA1  
FSC AMILO LA1703 AMD  
AMD Sempron 3500+  
15,4" CrystalView skjár  
- 1280 x 768 upplausn  
UniChrome Pro skjástýring  
512MB DDR2 vinnsluminni (533)  
80GB SATA Harður Diskur  
Innbyggt þráðlaust net  
DVD Skrifari - Dual Layer

39.999  
~~49.999~~



HAPPY HOUR  
20:00-22:00

### Aðeins í BT Skeifunni

## DENVER

DHD-160  
DENVER HDD RECORDER 160GB  
160 GB hard disc/DVD-recorder combination  
Recording up to 124 hours of video  
to the hard disc  
Live buffer/time shift function up to 3 hours  
Fast dubbing from HD to DVD  
(up to 32x speed)  
Playback formats: HDD, DVD VIDEO DVD+RW,  
DVD-R  
DVD-RW, DVD-R, MPEG-4, CD Audio, SVCD,

14.999  
~~24.999~~



HAPPY HOUR  
17:00-18:00

## Trust

15084-TRU  
TRUST 5.1 HÁTALARASETT 6250Z  
Nett og vandað 5.1 hátalarasett  
50 RMS wött total  
Subwoofer úr við og burstuðu áli  
Bass reflex hönnun  
Stillingar á hljóðstyrk og bassa  
Seguleinagraðir (truffa ekki sjónvörp)

4.999  
~~9.999~~



HAPPY HOUR  
17:00-18:00

FUJITSU COMPUTERS  
SIEMENS

CCN:ISL-100512-001  
FSC SCALEO H CORE2 VISTA  
AMD Sempron 3400+ AM2  
ATI Radeon X1150 skjákort  
160GB SATA2 Harður diskur  
512MB DDR2 Vinnsluminni 667  
DVD skrifari  
Lyklaborð og mús

Windows Vista Basic  
Microsoft Works 8.0  
Nero 7 Essentials  
Norman Virus Control (3 ár)  
2gj ára ábyrgð

69.999  
~~99.999~~

# BT

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 21.25

## Saving Grace

Í kvöld er spennandi þáttur af Saving Grace með óskarsverðlauna-leikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. Í þætti kvöldsins ákveður Grace að sanna hugrekki sitt með því að skora á Earl í glímu.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## Valur-ÍA

## Sýn kl. 19.50

Hér mætast tvö lið í mikilli toppbar-áttu. Valur verður einfaldlega að vinna eigi liðið að halda í við FH-inga og ÍA þarfnast stiganna þriggja í baráttunni um Evrópusæti. Leikur þar sem ekkert verður gefið eftir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir  
06.50 Bæn  
07.05 Morgunvaktin  
08.00 Morgunfréttir  
09.05 Okkar á milli  
09.45 Morgunleikfimi  
10.03 Veðurfregnir  
10.13 Stefnumót  
11.03 Samfélagið í nærmynd  
12.00 Fréttayfirlit  
12.03 Hádegisútvarp  
12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfregnir  
13.00 Vitt og breitt  
14.03 Bak við stjórnumar  
15.03 Útvarpssagan: Vansæmd

15.30 Dr. RÚV  
16.00 Síðdegisfréttir  
16.13 Hlaupanótan  
17.03 Viðsjá  
18.00 Kvöldfréttir  
18.25 Spegillinn  
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar  
19.00 Endurómur úr Evrópu  
20.00 Leynifélagið  
20.30 Heima er best  
21.10 Stjörnuvíkingur  
22.10 Veðurfregnir  
22.15 Áfsprengi  
23.10 Landið helga  
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

## 18.23 Fréttir

19.00 Hollyoaks (15:260)

19.30 Hollyoaks (16:260)

20.00 The War at Home (21:22) Hjólin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglíngana á heimilinu. Þar er allt af líf og fjör enda sjá foreldramir ekki hlutina sömu augum og unglíngarnir.

20.25 Most Shocking Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.

▶ 21.15 Smallville (10:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglíngurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 Monk (9:16) Monk hefur lengi saknað föður síns sem hefur aldrei verið til staðar fyrir hann en nú neyðast þeir feðgar til að fara saman í langt ferðalag. 2006.

22.45 Næturvaktin NÝTT Glænýr íslenskur gamanþáttur með Jóni Gnarr og Péttri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Næturvaktin er fyrsta leikna þáttaröð sinnar tegundar á Íslandi, uppfull af gráglettnum húmor í anda Seinfeld og The Office. 2007.

23.10 The Tudors (4:10)

00.10 The 4400 (10:13)

00.55 Jake 2.0 (9:16) (e)

01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## BBC PRIME

12.00 Down to Earth 13.00 Miss Marple 14.00 Passport to the Sun 14.30 Cash in the Attic 15.30 Small Town Gardens 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Silent Witness 19.00 Murder Prevention 20.00 Celeb 20.30 I'm Alan Partridge 21.00 Silent Witness 22.00 Ever Decreasing Circles 22.30 Murder Prevention 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Silent Witness 2.00 Down to Earth 3.00 A Place in France

## DR 1

12.20 Sommer på Fanø 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med Vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Barracuda 14.30 Snurre Snup på sveller 14.35 Skyland 15.00 Troldspejlet 15.30 Linus i Svinget 16.00 Aftenshowet 15.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Det Radikale Venstre 18.00 Ganges - Ivet's flod 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig 21.40 Seinfeld 22.05 OBS 22.10 Kønskifte tur-retur


## NRK 1

10.00 NRK nyheter 10.15 Grosvold 10.55 Beat for beat 11.55 Med hjertet på rette staden 12.45 Tom og Jerry 12.50 Tom og Jerry 13.00 Fabrikken 13.25 Totalt genialt! 14.00 Gatefotball 14.25 Viva Pinata 14.40 Kid Paddle 15.00 NRK nyheter med verdensværet 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk bame-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bame-tv 16.00 Smá Einsteins 16.25 Gjengen på taket 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen med sport 17.30 Puls 17.55 Faktor: Konsert for tre hester i to takter 18.25 Redaksjon 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 "Leende guldbruna ögon" 20.30 Store studio 21.00 Kveldsnytt med sport 21.15 Columbo 22.40 Nytt på nytt 23.10 Kulturmytt 23.20 Sport jukeboks 1.00 Country jukeboks

## SVT 1

12.00 Livet i Finnskogarna 13.30 Andra Avenyn - castingen 14.00 Rapport 14.10 Gomoron Sverige 15.00 Globalisering 15.30 Krokoxax 16.00 Nicke Nyfiken 16.25 Ebb och Flo 16.30 Allt om djur 16.55 Dr Dogg 17.00 Lilla sportspegeln 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn - castingen 18.30 Upp till kamp 20.00 Pakistan Zindabad 20.55 Rapport 21.05 Kulturmyheterna 21.15 Babben & co 22.15 Vita huset 23.00 Sändningar från SVT24

## NÝ ÍSLENSK DAGSKRÁRGERÐ Í SJÓNVARPINU – Á HVERJUM DEGI Í VETUR



## SPORTIÐ

Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, fjallað um handboltann og körfuboltann hér heima og íþróttamenn sem skara fram úr.

KL. 22.20 Í KVÖLD





„Meðan ég bíð eftir nýrri plötu frá Lay Low hlusta ég á Villa Naglbít á meðan.“

Guðjón Sigmarsson, Gaui lítlí.

# Lúðvík í hörkuformi fyrir þingið

„Það sést á þeyjanum að hann er nautsterkur og gefur ekkert eftir;“ skrifar Þorgrímur Þráinsson á bloggsíðu sinni en þarna er rithöfundurinn að lýsa Lúðvík Bergvinssyni, þingflokksformanni Samfylkingarinnar. Þorgrímur heldur vart vatni yfir þeim líkamlega og andlega styrk sem Lúðvík hefur til að bera og segir hann hafa farið létt með að gera 450 magæfingar í einum rykk. „Er hann ekki bara rithöfundur með skáldaleyfi,“ segir Lúðvík þegar þessi skrif Þorgríms eru borin undir hann og vill sem minnst gera úr líkamlegu atgervi sínu. „Ég hef bara ágætis grunn úr íþróttinni,“ bætir þingflokksformaðurinn við og bendir á að Þorgrímur sjálfur sé nú í feikna góðu standi. „Hann er alveg ótrúlegur, kappinn,“ segir Lúðvík.

grundvallaratriði að vera í góðu formi, bæði líkamlegu og andlegu, til þess að takast á við þingstörfin og ekki síst lífið sjálft og þá þroskuldur sem þar leynast,“ segir Lúðvík. Hann er jafnframt árrisull á laugardagsmorgnum en þá hittir hann fyrir félagana sína úr ÍBV og ÍA til að spila knattspyrnu, stundvíslega klukkan níu. „Ég spilaði með báðum þessum liðum og við hittumst alltaf í íþróttahúsi Kennaraháskólans,“ útskýrir Lúðvík sem gefur lítið fyrir þær yfirlýsingar Þorgríms að hann hafi verið varnarjagl. „Mig minnir nú að ég hafi verið ögn frammar á vellinum,“ segir Lúðvík.



LÍÐTÆKUR Á VELLINUM Lúðvík lék á árum áður með bæði ÍA og ÍBV og heldur knattækinni við með félagum sínum úr liðunum á laugardagsmorgnum.

**DÍSELLA OG TEDDY** Dísella Lárusdóttir býr í New Jersey ásamt Teddy, eiginmanni sínum. Myndin er tekin á Malibu-ströndinni en heimili hjónanna er í um klukkustundar akstursfjarlægð frá New York.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Gerður Kristný og Kristján B. Jónasson** eiga von á öðru barni sínu en rithöfundurinn og blaðamaðurinn skartaði glæsilegri kúlu þegar fjölmiðlakonur landsins hittust í rafstöðvarhúsinu í Elliðaárdalnum á föstudaginn. Gerður er nú að leggja lokahönd á nýja barnabók en von er á nýjum erfingja í janúar.



Spaugstofan fór í loftið með pomp og prakt á laugardaginn og var meðal annars boðið upp á gestaleikara á borð við **Hilmi Snæ** og **Eddu Björgu**. Enda ekki vanþörf á þegar **Randver Þorláksson** verður víðs fjarri í vetur. Reyndar virtust þeir **Örn Arnason**, **Pálmi Gestsson** og **Karl Ágúst Úlfsson** senda dagskrárstjóranum **Pórhalli Gunnarssyni** tóninn því hann var túlkaður í líki Osama bin Laden, hryðjuverkaleiðtogans alræmda. Og því spurning hvort þarna er verið að vísa til þess að Þórhallur hafi framið hryðjuverk á Spaugstofunni með brottrekstrinum á Randveri.

Og Orðið á götunni virðist vera að vakna til lífsins á ný eftir að hafa gengið í endurnýjun lífdaga á Eymunni. Það er síðan duglegt við að grafa upp fréttir af fjölmiðlum og fjölmiðlafólki. Nýlega greindi vefsíðan frá því að atgervisflótti væri frá fjölmiðlum en nú virðist dæmið hafa snúist við að einu leyti. Samkvæmt nýjustu frétt vefsíðunnar er **Sindri Sindrason** nefnilega að hætta sem aðstoðarmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og hyggst hann snúa aftur á skjáinn hjá Stöð 2 til að taka sæti á fréttastofu stöðvarinnar undir forystu Steingríms Sævaris Ólafssonar.

- fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2. lítil blýkúla 6. skammstöfun 8. af 9. segi upp 11. hæð 12. slæm skrift 14. fíflangangur 16. skammstöfun 17. þörungur 18. hress 20. óreiða 21. sjá eftir.

### LÓÐRÉTT

1. starf 3. frá 4. fugl 5. loka 7. hernaðarleiðangur 10. frosts kemmd 13. ögn 15. að auki 16. þögn 19. númer.

### LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. verk, 3. af, 4. grásprö, 5. lás, 7. herferð, 10. kal, 13. fis, 15. söl, 18. em, 20. rú, 21. ítra.  
LÁRÉTT: 2. hægl, 6. eh, 8. frá, 9. rek, 11. ás, 12. krafs, 14. flípp, 16. þe, 17. plús, 16. þe, 19. nr.

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR: SYNGUR MEÐ NORRÆNUM STÓRSTJÖRNUM

## Vill bæta heiminn með söng

„Ég vann ekki keppnina en fékk samning, sem er miklu betra,“ segir Dísella Lárusdóttir söngkona sem fékk starfssamning hjá Metropolitan-óperunni í New York-borg eftir að hafa komist í ellefu manna úrslit í 1.500 manna keppni sem óperan stóð fyrir í apríl síðastliðnum, nokkurs konar „American Idol óperuheimsins“.

„Þessa dagana er ég varamanneskja í óperunni Satyagraha eftir Philip Glass. Hún er sungin á fornhindú sem er mjög krefjandi. Nú þarf ég bara að sjá til þess að stelpa sem syngur verði veik svo ég fái að hlaupa í skarðið,“ segir hún og skellir upp úr. „Annars er ég ennþá að hitta kennarann minn og fæ leiðsögn í öllu frá framburði til leik- og söngtækni. Þetta er endalust nám enda þarf allt að vera fullkomið hérna. Samkeppnin er hörd þótt ég



í **BÚNINGSSHERBERGINU** Dísella fékk starfssamning hjá Metropolitan-óperunni í New York eftir að hafa komist í ellefu manna úrslit í 1.500 manna keppni sem óperan stóð fyrir. Hér sést hún utan við sérmerkt búningsherbergi sitt í Kimmel Center.

kjós að líta ekki svo á að ég sé í samkeppni við einhvern annan.“

Dísella er á ferð og flugi þessa dagana því hún býr í New Jersey ásamt eiginmanni sínum, Teddy, en

heldur til Bretlands í næstu viku til þess að hefja tökur á nýrri plötu. Auk þess er Íslandsferð á dagskránni. „Ég er að fara til London til þess að taka upp plötu með Friðriki Karlssyni sem verður með klassísku ívafi,“ segir hún og bætir því við að platan komi út um jólin. Íslandsferðin er fyrirhuguð í október en eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu var Dísella valin fulltrúi Íslands til þess að syngja kynningarlag fyrir Navia, samnorrænt verkefni sem ætlað er að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum. Auk hennar syngja lagið fjórar stórsöngkonur, ein frá hverju Norðurlandi. „Ég er mjög spennt fyrir þessu og heillaðist strax af þeirri hugmynd að verkefninu væri ætlað að bæta heimin,“ segir Dísella.

sigrunosk@frettabladid.is

## Stofnaði óháða útvarpsstöð

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir kynnti nýjung á bloggsíðu sinni í vikunni, Útvarpsstöðina Ólínu þar sem framhaldssagan Læknaclám er lesin af miklum myndarbrag af manni hennar, Stefáni Karli Stefánssyni. „Útvarpsstöðin varð til þegar ég uppgötvaði hvað ný makkinn minn er frábært tæki. Mér fannst tilvalið að opna einkarekna óháða útvarpsstöð sem hefði meðal annars þá sérstöðu að vera ekki í eigu íslenskra auðmanna,“ segir Steinunn Ólína. „Ólína Þorsteinsdóttir útvarpsstýra er auðvitað lykilmanneskja ásamt því að vera höfundur hinnar sígildu og vinsælu framhaldsögu Læknaclám sem ber undirtitilinn „Á vaktinni“ og er örlagasaga um hrjáða starfsmenn í heilbrigðisgeiranum. Ólína er fastráðin hjá útvarpsstöðinni sem og hinn frábæri þulur Karl Stefánsson.“

Þættirnir eru teknir upp á vinnustofu Steinunnar í Los Angeles og hún segir stöðina komna til að vera. „Útvarp Ólína á framtíðina fyrir sér. Framhaldssagan verður fastur liður í dagskránni sem og auglýsingar sem eru í vinnslu. Hvaða fyrirtæki og þjónusta verður auglýst verður hins vegar geðþóttaákvörðun útvarpsstýrunnar Ólínu. Síðan er stefnt að því að bjóða upp á leikið efni og standa nú yfir langar og strangar viðræður við snillinginn Gísla Rúnar Jónsson.“

Hægt er að hlusta á Útvarp Ólínu á slóðinni steinunnolína.blog.is.

- sók

**ÚTVARP ÓLÍNA** Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir hefur hafið rekstur útvarpsstöðvar á bloggsíðu sinni og nefnist hún Útvarp Ólína.



**ÖMMUKLEINUR**  
– opinbert fjölskylduleyndarmál

ÖMMUBAKSTUR  
www.ommubakstur.is

# 3 lína

## BMW xDrive



### BMW xDrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.

BMW xDrive breytir slæmri færð í góða, þökk sé framúrskrandi veggripi og rásfestu. Á BMW 3 línunni nýtur þú ósvikinnar akstursánægju til fulls. Þegar skilyrði til aksturs eru góð, tryggir afturdrifið sportlegri takta og skemmtilegri svörun, en þú átt að venjast. Um leið og skilyrðin versna og færð þyngist, sér breytileg afliðlun xDrive aldrifskerfisins til þess, **að vélarafið leitar á nokkrum sekúndubrotum til þeirra hjóla sem mesta veggripið hafa hverju sinni.** Færðin skiptir því ekki máli; **BMW xDrive tryggir bestu mögulegu aksturseginnleika, rásfestu og veggrip.** BMW 3 línan með xDrive veitir þér örugglega ósvikna akstursánægju við öll skilyrði. Komdu í reynsluakstur og upplifðu af eigin raun BMW 3 línuna með xDrive.

BMW 3 línan  
325xi  
330xi  
335xi  
330xd

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Sheer  
Driving Pleasure



Með bílinn handa þér

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA  
- Lífið heil

Opið 8-24  
alla daga

Lyfja Lág múla  
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR  
Práins  
Bertelssonar

## Jólasveina- vísitala

Nú hefur verið ákveðið að fækka jólasveinum niður í fjóra. Upphaflega voru þeir einn og átta (sama sem nú) en vegna vísitölutryggingar voru þeir komnir upp í þrettán. Með þessu á að fylgja eftir niðurskurðar- aðgerðum Ríkisútvarpsins ohf. sem ganga út á að fækka Spaugstofumönnum til að geta keypt vetrarhjólbarða undir bifreið útvarpsstjóra. Til samræmis hefur verið ákveðið að taka upp svenefnda jólasveinavísitölu þannig að engin stofnun má hafa fleiri en fjóra jólasveina á sínu framfæri. Þessi niðurskurður mun koma sérstaklega hart niður á utanríkisráðuneytinu.

**ÞJÓÐKIRKJAN** hefur áhuga á að taka þátt í átakinu og er í ráði að fækka lærisveinum um helming – eða niður í sex – frá næstu áramótum. Til að ná ásættanlegu kynjahlutfalli hefur verið ákveðið að gera Maríu Magdalenu að lærisveini, sömuleiðis verður María „hin“ (ekki „móðir Jesú“ og ekki „vinkona“ heldur „hin“) tekin í hópinn og verða þá fjórir karlmenn í bekknum og tvær stúlkur sem er mjög ásættanlegt hlutfall. Meðal þeirra lærisveina sem hverfa frá námi eru Andrés bróðir Péturs og Jakob Sebedeusson bróðir Jóhannesar Sebedeussonar til að koma í veg fyrir ættarklókur. Einnig verður Júdas stríkaður út. Svik hans við Frelsarann eru að vísu fyrnd en Síminn mun hafa í hyggju að stefna honum fyrir nýlegt svikamál sem er mun alvarlegra.

**SÖMULEIÐIS** hefur verið ákveðið að fækka milljarðamæringum niður í tvo og hafa hinir grænu og vinsælu Marabon-Bjarni og Ólafur Sony orðið fyrir valinu. Fyrirtækjum í Kauphöllinni verður fækkað niður í eitt þannig að þar verði þá eftir eitt öflugt félag til að leysa af hólmi Innherjann, Smokkfiskinn og Kolkrabbann.

**ÝMISLEGT** fleira er á þróunum svo sem að gera þeim sem eiga alvörupeninga skylt að notast við evrur. Órorkubætur verða þó áfram greiddar með íslenskum krónum. Jafnframt verður enska tekin upp sem þjóðtunga nema hvað fyrst um sinn mun Fjallkonan flytja sautjándá-júní-ávarp sitt á íslensku. Ennfremur hefur verið ákveðið að leyfa auðmönnum að giftast hver öðrum til að koma í veg fyrir að auðurinn dreifist á of margar hendur.

  
**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 17. september, 260. dagur ársins 2007.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.55	13.22
Akureyri	6.38	13.07

Heimild: Almanak Háskólans

# NÝR CORSA



Fáir bílar hafa hlotið jafn margar  
viðurkenningar og nýr Opel Corsa\*

Beinskíptur 1.2 L

Verð 1.590.000

Sjálfskíptur 1.4 L

Verð 1.850.000

ESP skriðvörn/stöðugleikastýring - 6 loftpúðar - Aftengjanlegur loftpúði fyrir framsæti  
Fjarstýring fyrir hljómtæki í stýri - Útvarp með geislaspilara, spilar MP3 - „Aux“ tengi  
í hljómtæki - Aðdráttarstýri - Geymsluskúffa undir farþegasæti

\* Bíll ársins 2007 - What Car? - England  
„Best in Class“ - Channel 4 Cars - England  
Bíll ársins 2007 - Samtök bílalaðamanna (MKD) - Danmörk  
Fjölskyldubíll ársins 2007 - Samtök bíleigenda - Belgía  
2. sæti „Car of the Year“ 2007 í Evrópu



19.523 á mánuði \*\*



\*\* Bilasamningur miðað við 20% útborgun og eftirstöðvar í 84 mán.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is